

GRETE WAIZ

Ráðgjafi Reykjavíkur-marabons

Heilsa Heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



GARÐAR THOR CORTES

Bauð stjórnunum í London í partí

Karen Millen stærsta nafnið á gestalistanum

FÓLK 22



KALLI Í PELSINUM

Metveiði í Straumnum

Kalli og félagar fengu 84 laxa á fjórum dögum

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júlí 2007 – 199. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

PRÍÐJUDAGUR

Óður til Gumma landsins


Ólafur Örn Josephsson syngur til allra Gumma á Íslandi á nýrri plötu sinni undir merkjum Stafræns Hákons.



TÓNLIST 24

Gyðjur og grísk tíska

Riccardo Tisci sýndi hönnun sína í París. Hann sótti innblástur í framtíðargyðjur og gríska goðafræði.



TÍSKA 22

Mansal er mannréttindabrot

„87% þeirra sem eru seld mansali eru seld í kynlífsþrælkun skv. tölum frá UNODC. Yfirgnæfandi hluti er konur og börn,“ skrifar Silja Bára Ómarsdóttir

Í DAG 16

Fjölnismenn á flugi

Þrjú lánsmenn frá FH hafa farið fyrir spræku liði Fjölnis í 1. deild karla sem er sóknarfasta lið Íslands um þessar mundir. 43 mörk í síðustu 12 leikjum segja sína sögu.



ÍPRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



SÚLD AUSTAN TIL - Í dag verða austan 10-15 m/s allra syðst á landinu annars mun hægari. Skýjað með köflum og yfirleitt þurr vestan til en hætt við súldarlofti með landinu austanverðu. Hiti 10-18 stig, hlýjast sunnan og vestan til.

VEDUR 4

Foreldrar fjögurra barna hafa alls fengið milljón

Foreldrar fjögurra langveikra barna hafa fengið aðstoð frá ríkinu á því ári sem liðið er frá því lög um stuðning tóku gildi. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 80 milljónum í málaflokkinn í ár. Foreldrarnir fengu samanlagt um eina milljón króna. Verið er að skoða hvort úthlutunarreglur séu of stífar.

FÉLAGSMÁL Aðeins fjórar umsóknir hafa borist um greiðslur vegna langveikra barna frá því lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna tóku gildi fyrir rúmu ári. Um ein milljón hefur verið greidd út vegna umsóknanna.

Umsóknirnar fjórar voru allar samþykktar en upphæðir sem greiddar hafa verið út eru aðeins brot af því sem áætlað var.

„Við erum að fara yfir það hvort reglurnar hafi verið of stífar,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuálastofnunar, sem sér um

úrvinnslu umsókna og greiðslur til foreldranna. Hann segir það koma á óvart að aðeins fjórar umsóknir hafi borist.

Lögin tóku gildi 1. júlí 2006 og var þeim ætlað að taka við eftir að greiðslum frá vinnuveitendum og stéttarfélagum sleppti. Foreldrar þurfa að fullnýta réttindi sem þeir kunna að eiga annars staðar áður en sótt er um styrk frá ríkinu. Greiðslur til foreldra eiga að nema 93 þúsundum króna á mánuði leggi foreldri niður launuð störf til að annast langveikt barn.

Gert var ráð fyrir því við setn-

ingu laganna að árlegur kostnaður vegna greiðslna til foreldra gæti verið á bilinu 160-170 milljónir króna þegar fram liðu stundir. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir 80 milljónum.

„Nú er komið ár síðan lögin tóku gildi, við höfum verið að fylgjast með framkvæmdinni og munum gera það áfram. Í framhaldinu munum við meta hvort ástæða sé til að breyta lögum,“ segir Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri jafnréttis- og vinnu- mála hjá félagsmálaráðuneytinu. Margvíslegar ástæður geta verið

fyrir því að ekki hafi verið meiri ásókn í að fá greiðslur, segir Gissur. Stéttarfélag hafi til að mynda aukid réttindi foreldra langveikra barna. Einnig hafi lögin ekki verið afturvirk, svo einungis sé greitt vegna barna sem greinst hafi eftir 1. janúar 2006.

Ekki náðist í Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í gær vegna málsins. Við umræður um málið á Alþingi í desember 2005 sagði hún það vonbrigði að lögin næðu aðeins til foreldra barna sem greinst hefðu eftir 1. janúar, það rýrði mjög gildi þessara laga. -bj



BER VEL Í VEIÐI Pálmi Hrafn Hlynsson var bersýnilega ánægður með fiskinn sem hann fékk á veiðistöngina sína. Pálmi Hrafn er fjögurra ára gamall veiðimaður sem var staddur á Flateyjardal á dögnum. Þar veiddist þessi myndarlegi silungur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigur Rós fær 25 milljónir: Kynna Kidman og Craig

TÓNLIST Popplag með hljómsveitinni Sigur Rós hljómar í tveggja mínútna sýnishorni fyrir nýja spennumynd með Nicole Kidman og Daniel Craig í



SIGUR RÓS

aðalhlutverkum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fengu liðsmenn Sigur Rósar um 25 milljónir króna fyrir vikið. „Við fáum endalaust af þessum tilboðum en við afþökkum þau flest,“ segir Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar. Hann segir sveitina opnari fyrir að selja lög sín í kynningar kvikmyndu en í myndirnar sjálfar. -fb/sjá síðu 30

Þurrkatíð og óvenju miklum hlýindum í ár fylgir fleira en gott þykir:

Mauramergð í Vesturbænum

DÝR Ótal maurar hafa spókað sig síðustu daga á bökkum Vesturbæjarlaugar, mennskum viðskiptavinum til lítillar gleði.

Ólafur Gunnarsson, tæknistjóri sundstaðanna, hefur enga sérstaka skýringu á reiðum höndum en telur ekki ólíklegt að rekja megi þessa maurafjöld til veðurblíðunnar undanfarið. Hann segir að engin hætt sé á ferðum, en óneitanlega sé þetta hvítleitt fyrir sundlaugargesti.

„En þetta er ekki staðbundið við laugina, heldur

finnst þetta víðar um bæinn. Ég sé þetta til dæmis herna við blokkirnar í kringum laugina,“ segir hann.

Ólafi dettur helst í hug að þarna séu roðamaurar á ferð, einnig þekktir sem veggjamítlar, en hann átti eftir að fá niðurstöður úr sýnatöku þegar Fréttablaðið náði af honum tali. „Við tókum sýni og ætlum að vita hvort þetta er rétt tilgáta.

Veggjamítlar forðast alla jafna snertingu við vatn og leggja sér grasið eitt til munnis. Sundgarpar þurfa því ekki að óttast áttfætta sundfélaga. -kóp

Pioneer ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

4x50W Mosfet magnari · Útvarp D4Q · 24 stöðva minni FM/MW/LW
3 banda tónjafnari · CD/MP3/WMA · EEO forstilltur tónjafnari

DEH-2900MP
19.900.-
FRÍ ÍSETNING

ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Gleymdu ekki nestinu

MU ER KATT Í HÖLLINI

RISA MARKAÐUR

I LAUGARDALSHÖLLINI

TILBOÐ DAGSINS

Kill Bill 1 og 2
2 DVD saman.
Biómíði fyrir tvo á Death Proof fylgir

KR. 1399

*á meðan birgðir endast



KAUPPINGS MÓTARÖÐIN 2007

- | | |
|-----------------|--------------------------------------|
| 19. - 20. maí | Garðavelli |
| 02. - 03. júní | Korpúlfsstaðavelli |
| 23. - 24. júní | Hólmsvelli í Leiru |
| 26. - 29. júlí | Íslandsmót, Hvaleyjarvelli |
| 25. - 26. ágúst | Íslandsmót í holukeppni, Urriðavelli |
| 07. - 09. sept. | Vestmannaeyjavelli |
| 22. - 23. sept. | Lokamót allra flokka, Grafarholti |
-



Kaupping er aðalsamstarfsaðili Gólf sambands Íslands



Erfið verkefni bíða tyrknesku stjórnarinnar þrátt fyrir stórsigur í þingkosningum:

Barroso fagnar sigri Erdoganans

TYRKLAND, AP Mikil óvissa ríkir um nánustu framtíð í stjórnámum í Tyrklandi þrátt fyrir að stjórnarflokkurinn, Réttlætis- og þróunarflokkur Recep Tayyips Erdogan forsætisráðherra, hafi unnið stóran sigur í þingkosningunum um helgina.

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, hvetur Evrópusambandið til þess að taka vel á móti nýju stjórninni. Hann segir þróun mála í Tyrklandi skipta gífurlega miklu máli fyrir öll Evrópuríki.

Ráðamenn fleiri Evrópusambandslanda tóku í sama streng. Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fagnaði sigri Erdoganans og sagðist reikna með að Tyrkir héldu áfram að gera umbætur í stjórnámum og efnahagsmálum.

Sigur Erdoganans varð mun meiri en búist var við en þó hefur flokkurinn nú heldur færri þingsæti en hann hafði fyrir kosningar og hans bíða mörg erfið verkefni.

Meðal annars þarf að kjósa nýjan forseta sem allra fyrst, en sjö ára kjörtímabil núverandi forseta landsins rann út í maí. Það er þing landsins sem kys forseta, og þótt stjórnarflokkur Erdoganans hafi meira en sextíu prósent þingsæta nægir það ekki því samkvæmt stjórnarskrá þurfa tveir af hverjum þremur þingmönnum að greiða honum atkvæði sitt. - gb

DAGINN EFTIR KOSNINGARNAR Nokkrir tyrkneskir karlar sátu að kotruspili úti í góða veðrinu í Istanbul í gær og fylgdust með fréttum af stjórnámálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	59,43	59,71
	Sterlingspund	122,26	122,86
	Eвра	82,06	82,52
	Dönsk króna	11,027	11,091
	Norsk króna	10,376	10,438
	Sænsk króna	8,928	8,980
	Japanskt jen	0,4902	0,493

SDR	91,23	91,77
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

111,1526

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VATNSRÆSTING Starfsmenn Brunavarna Suðurnesja vatnsræstu húsnæði Rauða krossins í Reykjanesbæ í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT GRÉTARSSON

Leki hjá Rauða krossinum: **Skemmdi húsnæði og muni**

LÖGREGLA Kaldavatsinntak sprakk í húsnæði Rauða krossins við Iðavelli í Reykjanesbæ í gærmorgun.

Um klukkan ellefu tók vegfarandi eftir því að vatn flæddi út úr húsnæðinu og út á götu. Starfsmenn Brunavarna Suðurnesja komu á vettvang og var vatnshæðin inni í húsnæði þá nokkrir sentimetrar. Þeir unnu að því til klukkan eitt að vatnsræsta húsnæðið.

Miklar skemmdir urðu á húsnæðinu sem og á munum sem þar voru sem átti að selja til styrktar Rauða krossinum, segir Sigmundur Eypórsson, slökkviliðs- stjóri Brunavarna Suðurnesja. - ifv

LÖGREGLUFRÉTTIR

Strandaði við Skagaströnd

Fiskibátur strandaði við Spákonuhöfða við Skagaströnd í gærmorgun. Einn maður var í bátinum. Hann komst í land og hringdi eftir aðstoð. Björgunarskipið Húnabjörg frá Skagaströnd náði í bátinn, sem er ekki mikið skemmdur.

Ólátalaust á Hríseyjarhátíð

Allt fór vel fram á Hríseyjarhátíðinni sem haldin var um líðna helgi, að sögn varðstjóra lögreglunnar á Akureyri. Hann segir mikil ólæti og ölvun hafa verið á sömu hátíð í fyrra, en fólk hafi hagað sér vel þetta árið.

Sendiherrabústaður til sölu á 385 milljónir í Danmörku

Utanríkisráðuneytið hefur keypt nýjan bústað fyrir sendiherra Íslands í Danmörku sem sagður er munu nýtast betur fyrir starfseminna. Talið er að hærri upphæð fáist fyrir gamla húsið, sem nú er til sölu á 385 milljónir króna. Nýja húsið er í Frederiksberg og nær miðbænum en gamli bústaðurinn í Charlottenlund.

STJÓRNÝSLA Sendiherra Íslands í Danmörku mun í haust flytja frá Charlottenlund til Frederiksberg. Gamli bústaðurinn er til sölu fyrir 385 milljónir króna.

„Nýja húsið er töluvert minna og er mun nær miðbænum og nær sendiráðinu og við gerum ráð fyrir því að það muni nýtast mun betur sem vinnutæki fyrir sendiráðið,“ segir Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu.

Að sögn Péturs eru nokkrir dagar síðan fest voru kaup á nýja sendiherrabústaðnum í Frederiksberg. Núverandi bústaður er í talsvert stærra húsi sem stendur aðeins utan við Kaupmannahöfn í Charlottenlund. Það hús hefur nú verið auglýst til sölu.

„Charlottenlund er dýr staður og þetta er heldur ódýrari staður á Frederiksberg þannig að við gerum ráð fyrir því að við fáum töluvert á milli. Þar að auki veldur þetta því að við þurfum ekki að leggja í kostnað við mikið viðhald sem er fram undan á gamla húsinu, þannig að það er eitt og annað sem rennir stöðum undir þessa ákvörðun,“ segir Pétur.

Gert mun vera ráð fyrir því að sendiherrann, sem nú er Svavar Gestsson, geti flutt í nýja bústaðinn í október eða nóvember. Húsið stendur í einbýlishúsaahverfi í Frederiksberg. „Þetta er gamalt einbýlishús sem er upphaflega byggt 1920 en hefur verið haldið mjög vel við og er í afar góðu ástandi,“ segir Pétur.

Pétur sagði ekki unnt að svo stöddu að skýra frá kaupverði nýja hússins og hafði stærd þess ekki á takteinum í gær.

Á vef danskrar fasteignasölu kemur hins vegar fram að uppsett verð fyrir gamla bústaðinn svari til 385 milljóna íslenskra króna. Stærd hússins er 800 fermetrar á tæplega fjögur þúsund fermetra skógarlóð. Í húsinu er meðal annars vínkjallari og nýtt lúxuseldhús og lúxusbadherbergi, að sögn danskra fasteignasölu sem segir eignina meðal þeirra albestu í hverfinu. gar@frettabladid.is



NÝR SENDIHERRABÚSTAÐUR Þetta fallega hús á Fuglebakkevej í Frederiksberg er byggt 1920 og er sagt mun hentuga sem sendiherrabústaður en núverandi hús.



SENDIHERRAHJÓNIN Svavar Gestsson sendiherra og kona hans Guðrún Ágústsdóttir.

NÚVERANDI SENDIHERRABÚSTAÐUR



GAMLI BÚSTAÐURINN Þetta hús á Krathusvej í Charlottenlund hefur senn lokið hlutverki sínu sem sendiherrabústaður Íslands í Danmörku og er komið á sölu. Uppsett verð er 35 milljónir danskar krónur eða sem svarar til um 385 milljóna íslenskra króna.



BORÐSTOFAN Vitt er til veggja í gamla sendiherrabústaðnum í Charlottenlund.



BADHERBERGIÐ Innréttingarnar í gamla húsinu eru í góðu standi.



ELDHÚSIÐ Rúmgott er í eldhúsinu í núverandi sendiherrabústað.

FÁÐU SMÁ SUMAR Í KRÖPPINN

Egils APPELSÍN LIMÓNÁÐI

SUMARUPPBÓTIN ÞÍN

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

» fimmtudagur

um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C rigning	London	22°C skúrir	Friedrichshafen	20°C rigning
Billund	18°C rigning	Paris	22°C skúrir	Basel	20°C skúrir
Osló	19°C skúrir	Eindhoven	20°C rigning	Alicante	31°C léttskýjað
Stokkhólmur	20°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir	Algarve	28°C léttskýjað
Gautaborg	20°C rigning	Berlín	22°C rigning	Las Palmas	26°C léttskýjað

* vínohraði er í metrum á sekúndu.

Chevrolet Captiva

Meiri búnaður – bakkskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl...

Meiri kraftur – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm.....

Meira rými – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna.....

LÆKKAD VERÐ
Á ÖLLUM NÝJUM
BÍLUM VEGNA
HAGSTÆÐS
GENGIS
KRÓNUNNAR!



Chevrolet Captiva
7 manna sportjeppinn sem tekið er eftir

Hlaðinn staðalbúnaði

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (cruise control), stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" álfelgur
- Aksturstölva
- ARP veltivörn
- TOD sjálfvirk drifstýring
- DCS eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira

Captiva

Áberandi glæsilegur

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra öku-
manna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu.
Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum
og við tökum vel á móti þér.

Benna

Tangarhöfða 8-12

Sími 590 2000

www.benni.is

Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum. Bílasala Vesturlands, Borgarfirði.



CHEVROLET

KJÖRKASSINN

Hefur þú sent flöskuskeyti?

Já 24%
Nei 76%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú fylgjandi virkjunarframkvæmdum í Þjórsá?

Segðu skoðun þína á visir.is



Plataði skattinn:

Sagðist eiga 17 sykursjúk börn

BRETLAND Bresk móðir, sem fékk tæpar 3,7 milljónir króna í barnabætur með því að ljúga því að hún ætti sautján börn, sleppur við fangelsisvist, af því að hún er ófrísk og með fæðingarþunglyndi. Segir í The Daily Mail í Bretlandi.

Konan hélt því fram að hún hefði 26 ára gömul verið búin að eignast þrjú börn af tvíburum og þríburum í tvígang.

Konan játaði á sig níu brot yfir þriggja ára tímabil. Hún hafði hringt 400 sinnum í skattstofuna til að segja frá ört stækkandi fjölskyldu sinni. Einnig fékk hún aukabætur, þar sem öll upplögnu börnin höfðu sykursýki.

- sgi

LÖGRELUFRÉTTIR**Illindi á Kátum dögum**

Kraftar lögreglunnar á Húsavík beindust að mestu að bæjarhátíðinni Kátum dögum á Þórshöfn um helgina. Varðstjóri segir hana ekki hafa farið of vel fram, ölvun hafi verið afar áberandi og allnokkur afskipti hafi þurft að hafa af fólki vegna illinda.

Ökklabrotnaði langt frá vegi

Veiðimaður missteig sig illa og ökklabrotnaði í Vatnsvík við Þingvallavatn í gær. Slysið varð tveimur kílómetrum frá næsta vegi og var björgunarsveit því kölluð út til að bera manninn að veginum. Þar beið hans sjúkrahúsið sem flutti hann til Reykjavíkur til aðhlyningar.

Fregnir af handtökuskipun á hendur skipstjóra Eyborgar fást ekki staðfestar:

Ekki næst enn í Ólaf á Möltu

LÖGREGLUMÁL Svo virðist sem frásagnir af handtökuskipun á hendur Ólafi Ragnarssyni, skipstjóra Eyborgarinnar á Möltu, hafi ekki verið á rökum reistar.

Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu, segir að Maurice Mizzi, ræðismanni Íslands á Möltu, hafi í gær verið falið að greiðsla fyrir um málið hjá stjórnvöldum. Við fyrstu athugun ræðismannsins virtist ekkert benda til þess að stjórnvöld á Möltu vildu ná sambandi við Ólaf eða handtaka hann.

„Þannig að á þessari stundu teljum við að það sé enginn stófur fyrir þessu en ræðismaðurinn ætlaði að



EYBORGIN Tuttugu afrískum flóttamönnum var bjargað um borð í þetta íslenska skip í júní.

athuga þetta nánar,” segir Pétur Birgir Sigurjónsson, eigandi

Eyborgarinnar, sagðist í gærkvöld ekki hafa náð sambandi við Ólaf ytra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. „Hann er alveg úr sambandi,” segir Birgir sem kveður eftirgreiðslan ræðismannsins hafa staðfest grun sinn um að fregnir af handtökuskipuninni væru byggðar á sandi.

Ekki náðist tal af eiginkonu Ólafs í gær.

Ólafur bjargaði tuttugu flóttamönnum á Afríku um borð í skip sitt í júní og flutti þá til Möltu í andstöðu við yfirvöld þar sem vildu að hann sigldi með fólki til Líbíu þar sem björgunin hafi verið í lögsögu þess lands.

- gar

Herjólfur á Þjóðhátíð:

Fá ekki fleiri aukaferðir

SAMGÖNGUR Óánægja er í Vestmannaeyjum með þá ákvörðun Vegagerðar ríkisins að bæta ekki við tveimur aukaferðum við þær fimm aukaferðir sem þegar er gert ráð fyrir að Herjólfur sigli um verslunarmannahelgina. Að því er segir á vef Vegagerðarinnar óskuðu bæjaryfirvöld í Eyjum eftir tveimur næturferðum að auki. „Ríkissjóður styrkir tvær ferðir á dag með Herjólfur og fimm næturferðir um verslunarmannahelgi, einnig eru tvær flugferðir á dag með Flugfélagi Íslands styrktar. Auk þess er óstyrkt flug frá Bakka,” bendir Vegagerðin á.

- gar

Lúkas kominn í leitirnar

Lúkas gekk í gildru í Fálkafelli í gærmorgun og virðist við góða heilsu. Hann var aldrei í Hlíðarfjalli, eins og haldið var. „Yndislegur endir á ljótu máli,” segir Klara Sólrún Hjartardóttir, sem fór hátt í þrjátíu ferðir að leita hans. Sýslumaður skoðar málið.

DÝR „Við fyrstu skoðun virðist hann þokkalega heill og glaður yfir að koma heim,” segir Klara Sólrún Hjartardóttir, vinkona Kristjönu eiganda Lúkasar og sú sem kom að honum í gærmorgun.

Hundurinn hafði verið týndur í einar tíu vikur. Hann var talinn af, vegna ljúgvitnis um grimmilegt dráp, en eigandi hans bar síðan kennsl á hann uppi í fjalli fyrir rúmri viku. Lúkas hefur verið styggur með afbrigðum. Síðustu viku hafa verið egndar fyrir hundinn gildir í fjallinu og skilinn eftir matur.

Lúkas lét svo loks blekkjast og gekk í felligildru í Fálkafelli í fjallinu Súlum. Hann var aldrei í Hlíðarfjalli, eins og talið var.

„Ég veit ekki hvaðan þær upplýsingar komu, en við ákváðum bara að leyfa því að vera

svoleiðis til að halda fólki í burtu,” segir Klara, sem vildi þannig tryggja að hundurinn fældist ekki frekar.

„Ég er búin að eyða viku í að öðlast traust hans með því að færa honum mat. Það hvarflaði stundum að mér að hann kæmi ekki en ég gaf mig ekki,” segir hún.

Klara er búin að fara allt að þrjátíu ferðir í fjallið eftir hvutta og lagði sjálf gildiruna sem gómaði hann. Hún er að vonum fegin lyktunum. „Þetta er yndislegur endir á ljótu máli. Hann er búinn að hitta dýralækninn, sem sá ekkert að honum í fljótu bragði. Hann sagði að Lúkas ætti bara að hvílast heima við.”

Með heimkomu hundsins lýkur afskiptum lögreglunnar á Akureyri af dýrinu. „Þetta er búið að vera ein hringavitleysa og hefur kostað heilmikla vinnu. Það er búið að sölunda fé skattborgara og tíma lögreglunnar,” segir Gunnar Jóhannsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri. Gunnar veit ekki hver verða eftirmál vegna þeirra sem báru ljúgvitni á sínum tíma.

„Það er refsivert að gefa rangan vitnisburð til lögreglu og það virðist hafa gerst í þessu máli. En sýslumaður mun ákvarða um framhaldið síðar.”

klemens@frettabladid.is

LÚKAS Í FADMI FJÖLSKYLDUNNAR „Amma“ Lúkasar heldur hér um hvutta. Hún gætir hans þar til Kristjana, dóttir hennar og eigandi hundsins, snýr aftur frá útlöndum.



HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA



DECUBAL
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI



HÖFNIN Á STOKKSEYRI Húsnaðið, sem nú hefur verið rífið, stóð áður á reitnum vinstra megin við stóra rauða húsið á myndinni.

Tveir ákærðir fyrir tilraun til íkveikju á Stokkseyri:

Segist ekki hafa séð logandi kerti í húsinu

DÓMSMÁL Tveir menn, 53 og 60 ára, sem sakaðir eru um að hafa reynt að kveikja í iðnaðarhúsnaði á Stokkseyri í janúar 2004, neita sök. Mennirnir eru ákærðir fyrir tilraun til brennu og fór aðalmeðferð í málinu fram í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Iðnaðarhúsnaðið var í eigu annars mannsins. Lögreglan komst á snodir um ráðagerðir manna tveggja nokkru áður en brenna átti húsið, og hleraði síma þeirra. Annar þeirra var svo handtekinn á vettvangi eftir að lögregla hafði komið í húsið og fundið tvö logandi kerti ofan á flíspeysu, nálægt pappakössum og frauþlastbökkum sem staflað hafði verið upp og olíu hellt yfir.

Mennirnir neita báðir sök. Sá eldri, sem átti húsið, segist aldrei hafa lagt á ráðin um að brenna húsið. Sá yngri, sem var handtekinn á staðnum, segist eingöngu hafa verið að kanna hvort ekki væri allt með felldu í húsinu umrætt kvöld, en ekki hafa verið kominn þangað til að kveikja í. Honum hafi yfirsést logandi kerti.

Eins og áður segir átti þetta sér stað í janúar 2004 en ákæra í málinu var ekki gefin út fyrr en 6. mars í ár, rúmum þremur árum síðar.

Að sögn Kolbrúnar Sævarsdóttur, saksóknara hjá Ríkissaksóknara, er drætti á rannsókn lögreglu um að kenna.

- sh

Landeigendur á Hólmsheiði:

Kæra fisflug við sumarþustaði

SKIPULAGSMÁL Félag landeigenda í Óskoti og í Reynisvatnslandi vill að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála felli úr gildi samþykktir Reykjavíkurborgar varðandi fisflugvöll á Hólmsheiði. Landeigendurnir segja að flugvöllurinn, með tilheyrandi umferð á jörðu og í lofti, myndi trufla og raska þeirri friðsæld sem menn vilji hafa í sumarhúsum. „Húsin yrðu félagsmönnum ónothæf auk þess sem eignirnar yrðu óseljanlegar,” segir í kærufélagsins til úrskurðarnefndarinnar þar sem bent er á til áherslu að vélar í fisum séu eins og í skellinöðrum og garðsláttuvélum.

- gar



FIS Fisflugmenn fengu land á Hólmsheiði.

Dejavu og Fabulus kynna í samstarfi við Glitni

ANDREA BOCELLI

ásamt tékknesku sinfóníunni
í Egilshöll miðvikudaginn
31. október 2007

Stjórnandi:
Marcello Rota

Miðaverð:

A svæði:.....	22.900 kr.
B svæði:.....	14.900 kr.
C svæði:.....	12.900 kr.
D svæði:.....	8.900 kr.

Forsala aðgöngumiða til
viðskiptavina Glitnis
stendur yfir 25. og 26. júlí
á www.miði.is.*

Almenn miðasala hefst
miðvikudaginn 1. ágúst
á www.miði.is.

*Greiða þarf með greiðslukorti frá Glitni.

Aðeins þessir einu tónleikar!

GLITNIR

DéjàVu

Fabulus

midi.is

Hingbot

FANGAÐU AUGNABLIKIÐ

með **OLYMPUS**[®]

OLYMPUS
3ja ára ábyrgð
ORMSSON



OLYMPUS E-510
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
Hristivörn í vél
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
Með 14-42 mm linsu
Verð: 79.900 kr.



OLYMPUS E-410
Double Zoom kit
10.0 milljón pixlar
Live View á 2,5" skjá
"Dust Reduction System"
- rykfríar myndir
Með 14-42 mm og 40-150 mm linsum
Verð: 79.900 kr.

Lesið umfjöllun og dóma
fagmanna og notenda á:
www.dpreview.com



OLYMPUS Mju 760
7,1 milljón pixlar
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
3x aðráttarlinsa (37-111mm)
Nett og veðurvarið málmhús
Dual hristivörn
og aukin ljósnæmni
Verð: 26.900 kr.

512 MB KORT FYLGIR MEÐ

OLYMPUS FE-230

7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
18 handhægar tókustillingar
Nett málmhús (aðeins 16,5mm)
Videoupptaka með hljóði
Sérlega einföld og þægileg í notkun
Taska, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja
Verð: 19.900 kr.



TASKA FYLGIR MEÐ



OLYMPUS FE-210

7,1 milljón pixlar
3x aðráttarlinsa (38-114mm)
Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár
15 handhægar tókustillingar
Notar AA rafhlöður
Verð: 14.900 kr.



At the heart of the image

Frábærar myndavélar

sem fara sigurför um heiminn



NIKON D80
10,2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600 (3200 með boost)
18-135mm linsa fylgir
Verð: 134.900 kr.

Í FÓKUS



NIKON D40x
10.2 milljón pixla CCD myndflaga
3 rammar á sekúndu
2,5" LCD skjár
Hraður 3 punkta sjálfvirkur fókus
ISO 100-1600
Lokara hraði 30-1/4000
18-135mm Nikon DX linsa fylgir
Verð: 104.800 kr.

ÍSLENSKAR LEIÐBEINGAR



NIKON S500
7.1 milljón pixlar
Mjög fljót að kveikja á sér,
eintaklega fljót að smella af
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 35-105mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Hús úr ryðfríu stáli
Verð: 35.900 kr.

ÍSLENSKAR LEIÐBEINGAR



NIKON L12
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu (35 - 105mm)
VR hristivörn í linsu
Video upptaka með hljóði
D - lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
Notar AA rafhlöður (Alkaline duga í um 150 myndir)
Verð: 24.900 kr.



NIKON S200
7.1 milljón pixlar
3 x aðdráttur í linsu
(tilsvarandi 38-114mm á filmuvél)
VR hristivörn
2,5" LCD skjár
Rafhlaðan endist í um 230 myndir
Verð: 29.900 kr.

ÍSLENSKAR LEIÐBEINGAR

Nikon OG **OLYMPUS**[®]
ERU ÁN EFA TVEIR AF VIRTUSTU
MYNDAVÉLAFRAMLEIÐENDUM HEIMS.

ORMSSON

heima

Öndregi

ÚTSALAN ER HAFIN 15 - 60% AFSLÁTTUR

RAFEMAR, KRISTALIA, KASTHALL, CHATEAU D'AX,
CALLIGARIS, HÜLSTA OG JENSEN.



heima



Öndregi

HEIMA
HÚSIÐ

Síðumúla 30 | Sími 5684242 | www.heimahusgogn.is | heima@heimahusgogn.is

Opið: Virka daga 10 - 18 laugardaga 11 - 16



GRÖF HARRY POTTER Alnafni galdrastráksins var breskur hermaður sem lést í Ísrael árið 1939, rétt tæplega tvítugur. Þar stendur legsteinn hans enn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmaður neytenda:

Ekki má fylla út reiti fyrir fram

NEYTENDUR Talsmaður neytenda, Gísli Tryggvason, hefur sent tilmæli til íslensku flugfélaganna um að hætt verði að fylla út fyrir fram í valreiti í netumsóknum fyrir ýmsa viðbótarþjónustu, til dæmis forfallatryggingar.

Gísli segir hættu á að dregið sé úr sjálfstæðu og upplýstu vali neytenda ef þeir verða að velja forfallatryggingu burt. Oft sé stuttur tími til stefnu við netbókun flugferða og mögulega gætu neytendur talið að þeir þyrftu á forfallatryggingu að halda, þar sem þegar hafi verið merkt í reitinn. Auk þess séu flestir kreditkortahafar með ferðatryggingu.

- sgi



HÉDINSFJARÐARGÖNG

Hédinsfjarðargöng:

Framkvæmdir á áætlun

SAMGÖNGUR Framkvæmdum við Hédinsfjarðargöng miðar vel. „Þetta gengur vel og allt eftir áætlun,“ sagði Sigurður Oddsson hjá Vegagerðinni. „Við erum í sæmilegu bergi og engu vatni.“ Ólafsfjarðarmegin eru göngin komin 1.500 metra og Siglufjarðarmegin 2.070 metra. Lengd ganganna er orðin 35 prósent af fyrirhugaðri lengd. Siglufjarðarmegin eiga göngin að vera 3,7 km og Ólafsfjarðarmegin 6,9 km.

„Nú er verið að vinna við útskotin sem tefur framganginn, þau eru með 500 metra millibili,“ sagði Sigurður. Göngin eiga að vera tilbúin í desember 2009. - pal

LÖGREGLUFRÉTTIR

Léku sér í fiskikari í sjónum

Mildi var að ekki fór verr þegar unglingar léku sér í fiskikari í sjónum við höfnina í Keflavík í fyrradag. Lögregla skipaði þeim að hætta hinum varasama leik og hafði samband við foreldra og forráðamenn.

Deila um þóknun fyrir að standa bakvaktir hjá Brunavörnum Austurlands:

Slökkviliðsmenn hóta að hætta störfum

KJARAMÁL Ellefu slökkviliðsmenn af fjórtán hjá Brunavörnum Austurlands á Egilsstöðum ætla ekki að gefa kost á sér til vinnu eftir 1. september næstkomandi ef deila þeirra um bakvaktargreiðslur verður ekki leyst.

Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, segir deiluna snúast um þóknun fyrir þá skuldbindingu sem felst í að standa bakvakt. Til þessa hafi mönnum verið greitt sérstaklega fyrir það en því fyrirkomulagi hafi verið breytt með stofnun Brunavarna Austurlands. Reynt hafi verið að breyta greiðslunum á ný en án árangurs.

Vernharð segir mjög alvarlegt mál ef deilan leysist ekki, því mennirnir hafi mikla reynslu og þekkingu á slökkvistarfi. Þjálfun þeirra og menntun fari ekki fram á örfáum dögum heldur liggi þar hundruð klukkustunda að baki. „Menn eru ekki tilbúnir að skuldbinda sig svona mikið fyrir ekki neitt,“ segir hann.

Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri á Egilsstöðum, vildi ekki tjá sig um málið þegar leitað var eftir því. Hvergi væri staðfest að þessir ellefu slökkviliðsmenn hygðust ekki gefa kost á sér til vinnu vegna deilunnar.

- sps



SLÖKKVISTARF Mennirnir ellefu sem hygðust hætta störfum eru allir í hlutastarfi hjá Brunavörnum Austurlands.

Tugir þúsunda án vatns og rafmagns eftir úrhelli

Flóðgáttir himins hafa staðið upp á gátt yfir Englandi og hafa björgunarstarfsmenn unnið hörðum höndum að því að bjarga fólki sem lokast hefur inni í flóðunum. Á annað hundrað þúsund manns hafa ekki aðgang að neysluvatni. Sextíu ár eru síðan jafn mikil flóð urðu í Bretlandi.

LONDON, AP Ekkert lát er á flóðunum á Englandi. Vegir eru víða á kafi og þúsundir manna hafa þurft að flýja heimili sín eða vinnustaði. Vatnseigurrinn hefur víða spilt neysluvatni með þeim afleiðingum að á annað hundrað þúsund manns hafa ekki aðgang að neysluvatni. Tugir þúsunda mega sömuleiðis búa við rafmagnsleysi af völdum flóðanna.

Gífurlegar rigningar hafa plagað Breta síðustu fjórar vikurnar, og búist er við frekara úrhelli næstu daga. „Neyðarástandinu er engan veginn aflétt og mjög miklar líkur eru á meiri flóðum,“ sagði Hillary Benn umhverfisráðherra í gær. Gordon Brown forsætisráðherra skýrði frá því að meira fjármagni yrði varið til flóðavarna víða um land.

Á föstudaginn, þegar úrhellið var hvað mest, mældist rigningin tólf sentimetrar og sérfræðingar segja hættu á því að áin Thames, sem liggur í gegnum London, flæði yfir bakka sína. Lundúnaborg er þó að mestu varin af flóðvarnargörðum bæði austan og vestan megin. Einnar verst úti varð bærinn Tewkesbury þar sem dómkirkjan og hús við nokkrar götur stóðu upp úr eins og eyjaklasi í forugu vatninu.

„Þetta var bara alger eyðilegging – tómt öngþveiti, bílar flutu framhjá og hvers kyns rusl,“ sagði John King, 68 ára slökkviliðsmaður á eftirlaunum. Hann sagði flóðið vera jafn hávært og járnbrautarlest.

„Það er ekki nokkur leið að stöðva vatn sem streymir með þetta miklum krafti.“



GATA Á KAFI Götuskiði segir ekkert annað en það sem hver maður sér.



BJÖRGUNARSTARF Björgunarfólk ferðaðist á milli á litlum bátum og hjálpaði fólki að komast út úr húsum sem ófært var frá.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



NÁNAST RÁÐPROTA Þessir verslunareigendur í bænum Water-side reyndu að bjarga eignum sínum.

Jafn mikil flóð hafa ekki orðið í Bretlandi síðan árið 1947. Tryggingafélög segja að tjónið af völdum flóðanna í júní og júlí geti hlaupið á hundruðum milljóna punda.

Breska dagblaðið Independent sagði í gær frá nýrri vísindarannsókn, sem birt verður í tímaritinu Nature nú í vikunni og þykir staðfesta að hlýnun jarðar valdi því að miklar rigningar hafi aukist á norðurhveli jarðar og muni halda áfram að aukast.

gudsteinn@frettabladid.is



ÖVENJULEGUR FERÐAMÁTI Íbúar í Tewkesbury fundu ýmsar leiðir til að komast á milli staða.



ALLT Á FLOTI Bærinn Tewkesbury varð einnar verst úti.

SIEMENS

Ný þvottavél

frá Siemens sem lætur blettina hverfa.

- 8 kg
- Fjórtán blettakerfi
- Hraðkerfi
- Kraftþvottakerfi
- Snertihnappar
- Orkuflokkur A+

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Salerni í 4.260 metra hæð:

Klósett á tindi Mont Blanc

FRAKKLAND Yfirvöld hafa byggt salernisaðstöðu á snævi þóktum tindi fjallsins Mont Blanc í Frakklandi. Klósettin tvö eru þar með hæstu klósett heims.

Meira en þrjátíu þúsund gestir klífa tindinn á hverju ári. „Þetta var löngu tímabært verkefni,“ segir Jean-Marc Peillex, bæjarstjóri þorpsins Saint-Gervais-les-Bains.

„Fallegi tindurinn okkar var útataður gulum og brúnum blettum á sumrin,“ bætti Peillex við. Flogið var með klósettin upp í 4.260 metra hæð og mun þyrla fljúga daglega upp á tindinn til að tæma þau. - sgi

Rúm 90 prósent lækna í bandarískri könnun höfðu gert einhver mistök í starfi eða voru nálægt því:

Læknar þjást vegna mistaka sinna

VÍSINDI Það eru ekki bara sjúklingar sem þjást af völdum læknastaka, heldur einnig læknar. Þetta kemur fram í rannsókn sem sýndi að margir læknar sem gera mistök þjást af streitu, svefnvandæðum og minna sjálfstrausti.

Rúmlega 90 prósent af 3.171 læknum sem tóku þátt í könnun Amy Waterman, sálfræðings við Washington-háskóla í Bandaríkjunum, sögðust hafa verið nærri því að gera mistök, hafa gert minni háttar mistök eða gert alvarleg mistök í starfi. Þar á meðal voru mistök sem ollu varanlegum eða hugsanlega lífshættulegum skaða.

Könnunin fór fram í bandarísku borgunum St. Louis og Seattle og í Kanada.

Af þeim læknum sem féllu í fyrrgreindan

hóp sögðust rúm 60 prósent þeirra finna fyrir auknum kvíða vegna möguleika á öðrum mistökum og 44 prósent sögðust hafa minna sjálfstraust í starfi. Rúm 40 prósent áttu erfitt með svefn og sama hlutfall fann fyrir minni starfsánægju.

Einungis tíu prósent sögðu sjúkrahúsin hafa boðið sér fullnægjandi aðstoð við að vinna úr streitu í kjölfar mistaka.

Donald Berwick, læknir og prófessor við Harvard-háskóla, segir að jafnvel þótt sjúkrahús séu nú opnari fyrir því að viðurkenna mistök séu margir stjórnendur hræddir við lögsókn og leyfa því ekki læknum einu sinni að ræða mistök sín, hvað þá bjóða þeim aðstoð til að vinna úr þeim. - sdg



BANDARÍSKI DÓMARINN CHARLES SPURLOCK HLÝÐIR Á MÁLFLUTNING UM LÆKNAMISTÖK Árið 1999 kom út skýrsla þar sem áætlað var að 44.000 Bandaríkjamenn létust árlega af völdum læknastaka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sameining stéttarfélagá:

Húnvetningar ganga í VR

VINNUMARKAÐUR VR og Verslunarmannafélag Vestur-Húnvetninga hafa nú sameinast. Áður var félagssvæði VR á höfuðborgarsvæðinu og náði norður til Akraness.

Fyrir skömmu sameinaðist Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar einnig VR og fleiri sameiningar eru fyrirhugaðar. „Við erum svo að sameinast Vestmannaeyingum og verður kosið um það á aðalfundi hjá þeim í haust,“ sagði Stefánía Magnúsdóttir, varaformaður VR. Félagsmenn í VR eru rúmlega 26.000. Félagsmenn í Verslunarmannafélagi Vestur-Húnvetninga voru fimmtán en um sextíu manns höfðu réttindi hjá félaginu. - pal



UMFERÐASKILT Verðmæti skiltanna og keilanna sem tekin voru eru um tvö hundruð þúsund krónum. Skiltin á myndinni eru fréttinni ótengd.

FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Umferðarmerkjum stolið:

Ótuktir tóku skilti og keilur

LÖGREGLUMÁL Umferðarmerkjum og -keilum, samtals að andvirði um 200 þúsundum króna, var stolið af framkvæmdasvæði í Breiðumörk í Hveragerði aðfaranótt laugardags.

Á vef lögreglunnar á Selfossi kemur fram að talið sé líklegt að sökudólgarnir hafi fjarlæggt merkingarnar af ótuktarskap frekar en í hagnaðarskyni. Lögreglan skorar jafnframt á umferðarmerkjaþjófana að skila gössinu hið fyrsta. - sh

Drepnir fyrir samkynhneigð:

Tólf teknir af lífi í Íran

ÍRAN, AP Stjórnvöld í Íran hengdu tólf menn á sunnudagsmorgun fyrir mannrán, sölu fíkniefna, framhjáhald og samkynhneigð. Helgina þar á undan voru aðrir fjórir menn teknir af lífi fyrir sömu brot.

Yfirsaksóknarinn í Teherean, Said Mortazavi, segir að sautján menn til viðbótar verði teknir af lífi á næstunni fyrir sams konar brot. Tuttugu konur og 23 karlar hafa auk þess verið handtekin fyrir samkynhneigð og framhjáhald í borginni Mashad í norðausturhluta landsins.

Stjórnvöld í Íran hafa frá því í maí skorið upp herör gegn „glæpamönnum og úrkynjuðu fólki“ í borgum landsins og eru aftökurnar liður í þessari stefnu þeirra. - ifv

Lambakjöt

ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ

Norður-afrískar lambakótelettur

1,5 kg lambakótelettur	2 tsk. túrmerik
5 msk. ólífuolia	2 tsk. paprikuduft
1 rauðlaukur, saxaður	2 sitrónur
2-3 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt	knippi kórianderlauf
2 tsk. kórianderfræ, möluð	salt
2 tsk. kummin, malað	

Kóteletturarnar fitusnyrtar að mestu. Ólían hituð á stórrí pönnu og laukurinn látinn krauma í henni við meðalhita í nokkrar mínútur. Hvítlauknum og kryddinu hrært saman við og látið krauma í nokkrar mínútur. Öllu saman er svo hellt í stóra skál og látið kólna. Börkurinn rifinn af sitrónunum og safinn pressaður úr þeim og hrært saman við ásamt söxuðu kórianderlaufi. Kótelettunum velt upp úr blöndunni, plast breitt yfir, sett í kæli og kjötið látið liggja í kryddleginum í nokkrar klukkustundir eða til næsta dags. Þá er skálin tekin út með göðum fyrirvara svo kjötið sé ekki ískalt. Grillpanna hituð vel og kjötið saltað og steikt við góðan hita þar til það er vel brúnað á báðum hliðum. Einnig má grilla það á útigrilli. Borið fram með góðu salati.

www.lambakjot.is ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR




HEILIR STURTU KLEFFAR



MEÐ ÖLLU

80x80 eða 90x90



ÖRYGGISGLER



Sturtuhaus



Handsturta



Hitastýrð
blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæli

VERÐ FRÁ 77.900

**BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA**

www.it.is



Opð virka daga frá kl. 09-18

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



SKÖMMUÐ FYRIR ÍRSKAN DRESSER

Upphaldshlutur Guðnýjar Halldórsdóttur á heimilinu er gamall skápur sem hún keypti í London fyrir rúmum aldarfjórðungi.

HEIMILI 3



TENGL MILLI LYKTARSKYNS OG ALZHEIMER

Nýleg rannsókn bendir til þess að lélegt lyktarskyn sé hugsanlega ein fyrsta vísending um heilahrönnunarsjúkdóminn Alzheimer.

HEILSA 2

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Þýskar álkerrur fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitid upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.



N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

ENGLAKRÖPPAR

Vertu flott í sumar!

Við losum þig við appelsínuhúð slit, slappa húð & aukakíló!
4, 6 og 8 vikna átak í boði
...fleiri frábær tilboð á vefsíðunni okkar
www.englakroppar.is

“Fake bake brúnkumeðferð”

ENGLAKROPPAR / LANGARIMA 21 / S: 587 3750




Bylgjan á puttanum um landið í sumar

BYLGJAN 989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Fiskidagurinn mikli 10.-11. ágúst
 N1 mótið 4.-7. júlí
 Húnavaka 13.-14. júlí
 Danskir dagar 17.-18. ágúst
 Humarhátíð 29.-30. júní
 Írskir dagar 6.-7. júlí
 Árborg 2007 8.-9. júní



Grete Waitz hefur lagt keppnisskóna á hilluna en hleypur samt enn með norska íþróttafélaginu Vidar, þar sem hún hóf ferilinn tólf ára að aldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Langflestir geta hlaupið

Norska hlaupadrottningin Grete Waitz á að baki glæstan feril sem langhlaupari. Í dag skipuleggur hún Óslóar-marafonið í samstarfi við Glitni og er ráðgjafi Reykjavíkur-marafonsins.

Grete Waitz hefur hlaupið síðan hún man eftir sér. Hún er margfaldur heimsmethafi, vann silfur á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984, hefur sigrað Lundúna-marafonið tvisvar sinnum og New

York marafonið alls níu sinnum.

Í dag hefur hún lagt keppnisskóna á hilluna og skipuleggur Óslóar-marafonið ásamt því að boða heilbriggt lífni. Glitni er aðalstyrktaraðili hlaupsins í Noregi og þannig komst Grete í kynni við Reykjavíkur-marafonið.

Bláamaður Fréttablaðsins hittir Grete þegar hún var stödd hér á landi á dögnum og má sjá viðtalið við hana á næstu síðu.

- rh



JÚLÍ
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR ...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

6 tommu bátur kr. 299

SUBWAY

Ert þú á leiðinni út úr bænum?
Þú færð kafbát allan sólarhringinn
á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut

Gildir í júlí 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

Kennari óskast.

Kennara vantar við Réttarholtsskóla. Aðalkennslugreinar eðlis- og efnafræði.

Upplýsingar veita Hilmar Hilmarsson skólastjóri (664-8315) og Jón Pétur Zimsen aðstoðarskólastjóri (895-1927).

Umsóknarfrestur til 15. ágúst.

Leiðsögumenn

Vantar frönskumælandi leiðsögumenn í júlí og einhvað í ágúst, góð laun í boði.

Umsóknir berist með tölvupósti til: vakt@ruta.is
Nánari upplýsingar í síma 660 1311

**VÉLRÁS ehf.
Bifreiða & Vélaverkstæði****Óskum eftir :**

- 1) Vönum mönnum til viðgerða á vörubílum og vögnum.
- 2) Mönnum á þjónustubíla – viðgerðabíla
- 3) Mönnum á smurþjónustubíl
- 4) Mann í glussa og rafvéla viðgerðir – tölvukunnátta.
- 5) Aðila til sendistarfa.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi.
Upplýsingar í s. 555-6670 og 860-1850.

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

**Starfsmaður í gestamóttöku
- Nordica hotel****Verksvið**

- Um er að ræða framtíðarstarf í gestamóttöku
- Inntékk og úttékk gesta
- Uppgjör dagsins
- Þjónusta við gesti hótelsins
- Starfslýsing þessi er ekki tæmandi

Vinnutími er vaktavinna 12 tíma vaktir unnið alls 15 dagar í mánuði og 15 dagar frí

Hæfniskröfur

- Góð íslensku og ensku kunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Reynsla í ferðaþjónustu eða hótelsstörfum er æskileg
- Geta unnið sjálfstætt og undir álagi
- Áreiðanleiki og stundvísi
- Snyrtimennska og faguð framkoma

Lögð er áhersla á að starfsmenn geti mætt kröfum um hátt þjónustustig og sýnt metnað í starfi
Vinsamlegast sendið umsóknir til Gestamóttökustjóra, á tölvupóstfangið, hjorturv@icehotels.is

LÉTT
BYLGJAN
967

- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!

**Mat á umhverfisáhrifum
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Hringvegur um Hrótafjörð. Brú - Staðarskáli.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **22. ágúst 2007**.

Skipulagsstofnun

**Auglýsing um afgreiðslu
bæjarstjórnar Kópavogs á
auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

Kópavogsbraut 1D. Breytt deiliskipulag.
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. mars 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Kópavogsbraut 1D. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 9. júlí 2007.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Auglýsingasími

512 50 50



NÝTT Á GRAS.IS

ÞAR SEM ALLT SNÝST
UM FÓTBOLTA!

GRAS



NÚ FÆRÐU GRAS.IS
FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!



Þráttakona



Fréttir og lýðtile



Leikir



Skemmtun

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 8.965 -0,34%	Fjöldi viðskipta: 462 Velta: 5.048 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ ALFESCA 1,91%	↓ CENTURY ALUMIN. 2,08%
↑ ATORKA 1,52%	↓ BAKKAVÖR 1,25%
↑ ATLANTIC PETROLE. 1,33%	↓ FØROYA BANKI 1,24%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 86,20 +0,00% ... Atorka 10,05 +1,52% ... Bakkavör 70,90 -1,25% ... Eimskipafélagið 40,10 +0,00% ... Exista 39,95 -0,37% ... FL Group 30,00 +0,00% ... Glitnir 30,80 -0,32% ... Icelandair 30,25 -0,49% ... Kaupþing 1.276 -0,31% ... Landsbankinn 40,80 -0,49% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,90 -0,65% ... Össur 111,50 +0,91% ... Teymi 5,63 +0,18%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á vísir.is

Gera stórsamning í Qingdao

Eimskip og Qingdao Port Group skrifuðu í gær undir samning um rekstur 55 þúsund tonna kæli- og frystigeymslu í Qingdao-höfn í Kína. Geymslan, sem verður tekin í notkun í september, verður sú stærsta sinnar tegundar í Kína. Í samningnum felst jafnframt bygging annarrar geymslu upp á 55 þúsund tonn. Samanlagt verður því geymslugeta Eimskips í Qingdao-höfn 110 þúsund tonn. Til sam-
anburðar rúmar kæli- og frystigeymsla Eimskips í Sundahöfn um 3.500 tonn.

Fyrst um sinn snýst samningurinn um rekstur geymslanna. Gert er ráð fyrir að Eimskip verði eigandi þeirra innan tveggja til þriggja ára. Samningurinn felur jafnframt í sér að Eimskip verður eini rekstraraðili kæli- og frystigeymsla í höfninni.



SKRIFAÐ UNDIR Á BESSASTÖÐUM Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Chang Dechuan, forstjóri Qingdao Port Group, handsala samning um rekstur kæli- og frystigeymslu við höfnina.

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, segir kostnaðinn við fyrsta hluta framkvæmdanna liggja á bilinu tuttugu til

þrjátíu milljónir evra. Það er á bilinu 1,6 til 2,5 milljarðar króna. „Þetta er gríðarlega stórt verkefni sem við erum stolt af að vera hluti af. Þetta er okkar fyrsta geymsla í Asíu og hún verður hluti af heildarþjónustuneti Eimskips um allan heim. Með þessu gefst okkur tækifæri, í samstarfi við Qingdao-höfn, á að byggja upp miðstöð fyrir Asíu þar sem vörum er dreift innan, til og frá Asíu. Þetta er því stór dagur,“ segir forstjórnin.

Undirbúningur að samningnum hófst fyrir tveimur árum þegar Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fór fyrir stórrí sendinefnd til Kína. Það var því vel við hæfi að hann væri viðstaddur undirskrift samningsins í húsakynnum forsetans að Bessastöðum í gær.

holmfridur@frettabladid.is



ÍSLENSKA OMX KAUPHÖLLIN Um 182 milljarðar króna koma í hlut þeirra hluthafa sem tóku yfirtökutilboði Novators í bréf Actavis.

Enn fækkar í vísitölunni

Actavis hverfur í dag úr OMX Iceland 15 vísitölunni, sem einnig er nefnd Úrvalsvísitala Kauphallarinnar. Eftir standa þrettán félög og fækkar brátt í tólf með fyrirhugaðri afskráningu Mosaic Fashions í næsta mánuði.

Afskráning Actavis kemur í kjölfar þess að Novator hefur tryggt sér 99,66 prósent af hlutafé í Actavis Group, að því er fram kom í tilkynningu til Kauphallarinnar í gær. Hluthafar sem samþykktu tilboðið fá greitt fyrir bréf sín á morgun, 25. júlí.

Vegvísir Landsbankans greindi frá því í gær að frá því formlegt yfirtökutilboð Novators var lagt fram í júníbyrjun hefði velta með hlutabréf numið 374 milljörðum króna, samanborið við 153 milljarða króna veltu á sama tímabili í fyrra.

- óká



VEFUR CENTURY ALUMINUM Eftir lokun markaða í dag birtir Century Aluminum uppgjör sitt og Kaupþing fyrir opnun markaða á morgun.

Væntingar um góð uppgjör

Í hönd fer tími hálfársuppgjóra, en Nýherji reið á vaðið síðasta föstudag með birtingu uppgjors fyrir annan fjórðung þessa árs.

„Century Aluminum, Kaupþing, Exista, Bakkavör og Straumur-Burðarás birta uppgjör sín í vikunni og munu þrjú síðastnefndu félögin öll birta sín uppgjör á fimmtudaginn næstkomandi,“ segir í hálfimmfréttum greiningardeildar Kaupþings í gær, en Century Aluminum birtir uppgjör sitt eftir lokun markaða í dag og Kaupþing fyrir opnun markaða á morgun. Glitnir, Össur og Teymi birta uppgjör 31. júlí.

Greiningardeildin segir uppgjörshrinuna nokkuð mikilvæga fyrir þróun hlutabréfamarkaðar, enda séu nokkrar væntingar um góð uppgjör í ljósi 40 prósentna hækkunar Úrvalsvísitölnnar það sem af er ári. „Þau félög sem birta uppgjör sín í júlí hafa samtals nærri 70 prósentna vægi í Úrvalsvísitölunni.“

- óká



MEST

Bílskúrshurðir



Frír bílskúrshurðaopnari* fylgir öllum Raynor bílskúrshurðum hjá MEST til 1. ágúst

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 150 eða á www.mest.is

*Raynor Orion 800i bílskúrshurðaopnari

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 5, Selfossi / Leiruvogi 8, Reyðarfirði
Sími 4 400 100 / Fax 4 400 111 / mest@mest.is / www.mest.is



– allt til bygginga



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem með hlýhug, nærveru og samúðarkveðjum minntust látns eiginmanns, bróður, föður, tengdaföður og afa,

Sverris Norland

Sunnuvegi 5, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut sem og deildar 11G fyrir ómetanlegan stuðning og alúð.

Margrét Norland

Agnar Norland
Kristín Norland
Jón Norland
Halla Norland

Sigríður L. Signarsdóttir
Valdimar Sigurðsson
og barnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir okkar,
tengdamóðir og elsku amma,

Brynhildur Þorsteinsdóttir

varð bráðkvödd á Arnarstapa aðfaranótt föstudagsins 20. júlí. Jarðarförin verður í Bústaðakirkju þriðjudaginn 31. júlí.

Ríkhartó Kristjánsson
Gerður Ríkhartósdóttir
Svandís Ríkhartósdóttir
Óskar Örn Jónsson
Valdimar Örn Júlíusson
Telma Dögg Óskarsdóttir
Jón Andri Óskarsson
Harpa Eik Óskarsdóttir
Ísak Örn Valdimarsson
Brynjart Bogi Valdimarsson



Okkar ástkæri,

Aðalsteinn Davíð

Jóhannsson

Háholti 12, Akranesi,

sem lést af slysförum 16. júlí sl. verður jarðsunninn frá Akranesarkirkju miðvikudaginn 25. júlí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Stofnaður hefur verið reikningur í Landsbankanum á Akranesi til styrktar börnum hans, tæpra 2 ára og 7 mánaða. Reikningsnúmerið er 0186-15-380076, kt. 020775-3009.

Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir
Íris Rákel Aðalsteinsdóttir
Ragnar Páll Aðalsteinsson
Guðlaug Aðalsteinsdóttir
Bjarni Borgar Jóhannsson
Benedikt Heiðar Jóhannsson
Guðrún Sveinbjörnsdóttir
Halldór Júlíusson
Sigurrós Júlíusdóttir
Sigurlína Júlíusdóttir
Ólöf Ingibergsdóttir
Birna Júlíusdóttir

Jóhann Jenson
Valgerður Guðbjörnsdóttir
Gíslný Bára Þórðardóttir
Ólafur Borgarsson
Guðmundur Páll Jónsson
Bjarni Axelsson



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar dóttur okkar, móður, tengdamóður og ömmu,

Þórdísar Þórisdóttur

Kjarrhólma 32, Kópavogi, áður til heimilis í Reykjabýggð 14, Mosfellsbæ.

Sérstakar þakkir fær hjúkrunarfólk hjá heimahjúkrun LHS og líknardeild LHS í Kópavogi fyrir ómetanlega aðstoð í veikindum hennar.

Þórir Sigurðsson
Kristján B. Magnússon
Sigrún B. Magnúsdóttir
Sigríður Þórisdóttir
Björk Þórisdóttir
Aron Daníel og Auður Dís.

Sigríður Ragna Olgeirsdóttir
Edda Ragna Davíðsdóttir
Kjartan Þór Reinholdsson
Aðalsteinn Þórðarson
Róbert Vilhjálmsson

ANNA PAQUIN KVIKMYNDALEIKKONA ER 25 ÁRA Í DAG.

„Ég veit ekki alveg hvað ég er að gera. En mér finnst það mjög gaman og ég má gera eins mikið af því og ég vil.“

Anna Paquin um leiklistina. Hún þreytti frumraun sína á hvíta tjaldinu í stórmynd Jane Campion, The Piano, árið 1993. Fyrir þá frammi-stöðu fékk hún Óskarinn fyrir besta leik í aukahlutverki aðeins 11 ára gömul og þar með næst yngsti Óskarsverðlaunahafi frá upphafi.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 24. JÚLÍ 1911

Machu Picchu finnst á ný

Pennan dag árið 1911 uppgötvaði sagnfræðingurinn Hiram Bingham hina fornu Inkaborg Machu Picchu. Bingham var á ferð um Perú þegar heimamaður sagði honum frá rústum þar sem heimafolk ræktaði korn. Mikilúðleg sjón blasti við Hiram og hann tók fyrstu myndirnar af borginni sem í dag er einn vinsælasti ferðamannastaður veraldar. Machu Picchu var byggð í kringum 1450 á hápunkti Inkaveldisins og var yfirgefin aðeins hundruð árum síðar eftir að Inkaveldið féll við innrás Spánverja í Perú.



MACHU PICCHU Vinsæll ferðamannastaður.

Þótt borgin væri aðeins fimmtíu mílur frá Cusco, höfuðborg Inka, fannst hún aldrei og var því ekki eyðilögð af Spánverjum líkt og urðu örlög margra annarra borga Inkanna. Næstu fjögur hundruð ár var borgin gleypst af skóginum og aðeins nokkrir heimamenn vissu af henni. Ekki eru allir sáttir við að eigna Bingham fundinn á borginni týndu. Til eru sagnir um aðra vestræna menn sem höfðu komið til borgarinnar áður. Hins vegar var Bingham sá sem færði hinum vestræna heimi vitneskju um borgina.

BJÖRGUNARAFREK: 100 ÁR LIÐIN FRÁ FÆÐINGU JÓNS VIGFÚSSONAR

Kleif ókleifan hamarinn og bjargaði lífi félagasinna

Vestmannaeyingar minntust á dögum fæðingu Jóns Vigfússonar en hann drýgði ótrúlega hetjudáð fyrir hart nær 80 árum, eða 14. febrúar árið 1928. Þá gerði aftakaveður sunnan við landið sem í Morgunblaðinu 15. febrúar 1928 var lýst sem „stórviðri með svartabyll“ og var brim „með afbrigðum mikið“.

Fjöldi báta var við veiðar en komst þeir allir til hafnar, margir við illan leik. Allir nema einn. „Sigríðar“ var enn saknað og það var ekki fyrr en einn úr áhöfn Sigríðar, Jón Vigfússon, komst til byggða að örlög bátsins urðu ljós.

Báturinn hafði steytt á skeri undan hamrinum vestast á Heimaey. Þar sat hann fastur í örskotsstund og gaf það áhöfninni, alls fjórum sjómönnum, ráðrúm til að stökkva upp á litla syllu undir hamrinum. „Um leið og þeir voru komnir í land, en pabbi stökk síðastur, þá kom alda og braut bátinn í spón,“ segir Sigurður Jónsson, bæjarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps og sonur Jóns. „Þá hófst pabbi handa við að klifa hamarinn en hann hafði almennt verið talinn ókleifur fram að þessu.“

Aðstæður voru mjög erfiðar. Blindbylur barði á Jóni og bergið var blautt og hált og erfitt að ná þar fótfestu. „Hann sagði mér eitt sinn að hann hefði haft vettling í munnum og hann hafi hann notað til að dusta snjóinn af syllunum svo hann næði þar taki,“ segir Sigurður.

Jón komst að lokum alla leið upp



HETJUNNAR MINNST Sigurður Jónsson, sonur Jóns Vigfússonar, var einn þeirra fjölmörgu sem minntust afreks Jóns. Athöfnin fór fram við minnisvarða um Jón en minnisvarðinn stendur í Heimaey við hamarinn ókleifa.



ÓÁRENNILEGUR Hann er ekki árennilegur hamarinn sem Jón Vigfússon kleif fyrir hart nær áttatíu árum í aftakaveðri.

hamarinn og til byggða og var mönnum öllum bjargað, þökk sé ótrúlegu afreki Jóns. „Pabbi vildi alltaf sem minnst tala um þetta en þegar maður komst sémilega til vits og ára sýndi hann manni staðinn og maður lærði meira um atburðinn. Það er með ólíkindum að það skyldi hafa verið hægt að klifra þarna upp,“ segir Jón. „Berg-

ið slútir í rauninni yfir sylluna þar sem mennirnir biðu og ótrúlegt að pabbi hafi komist upp. Enda sagði hann að hann hefði ekki verið einn að verki síðasta spölinn.“

Hamarinn hefur ekki verið klifinn eftir þetta, þrátt fyrir tilraunir að samarlagi í blíðskaparveðri

tryggvi@frettabladid.is

www.minningargreinar.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hreins Helgasonar

Sæviðarsundi 29, Reykjavík,

er lést 27. júní síðastliðinn.

Jónas Hreinsson Valdis Oddgeirsdóttir
Ólafur Hreinsson Helga Þormóðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, fösturmóðir, amma og langamma,

Nanna Renate Möller

Helgafelli, Mosfellsbæ,

lést laugardaginn 21. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Íris Jónsdóttir Kristján Þór Valdimarsson
Erna Jónsdóttir Sigurgeir Guðjónsson
Auður Jónsdóttir
Ríkhartó Jónsson Þóra Skúladóttir
Unnur Jónsdóttir Freyr Ferdinandsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hættum að hugsa um umhverfið

Við höfum hugsað nógu lengi um umhverfið. Nú er komið að því að taka þau vishæfu skref sem gildi okkar vísa á. Vertu í hópi þeirra bestu. Gerðu ekki neitt nema það sem telja má vishæft. Við hjá Brimborg trúum því að í samvinnu við aðra finnum við réttu leiðina að þeim lífsgæðum sem gildi okkar vísa á. Hvort sem þau eru kölluð verðgildi eða manngildi. Við viljum sjá ný tákni um lífsgæði. Fjölmargar leiðir eru færar. Lítið hér og lítið þar verður meira þegar upp er staðið.

Taktu vishæf skref í átt að betri lífsgæðum

Taktu vishæf skref sem eru lítil skref fyrir manninn en stórt stökk fyrir mannkynið. Brimborg fylgir vishæfri stefnu í víðasta skilningi þess orðs um það að vera hvort tveggja, öruggur vinnustaður og öruggur kaupstaður. Fyrir fólk sem hefur það að leiðarljósi að bæta stöðugt hag sinn og möguleika í hringiðu lífsins með aukin lífsgæði og góða líðan að markmiði. Vertu með. Teldu stjórnurnar. Veldu öryggi, vishæfa vöru og þjónustu. Frelsinu fylgir ábyrgð. Breyttu viðhorfi þínu í dag.

Við hjá Brimborg lítum svo á að bílar hafi ekki áhrif á umhverfið – heldur fólk sem nýtir þá, á þá, ekur þeim, þjónustar þá, selur þá, framleiðir þá. Öll berum við ábyrgð á þeim lífsgæðum sem við viljum hafa á morgun og stefnt er að í dag. Viðhorfið gagnvart því sem við kaupum skiptir jafn miklu máli og það sem við kaupum. Taktu vishæf skref.

Að þræða saman ólíkar hugmyndir getur verið vishæft skref í sjálfu sér – og minnkað soun: að eiga lítinn bíl með stórum, að læra vishæfan akstur, að labba á milli húsa, að kaupa nýja tækni eins og tvíorkubíla, að kaupa rauðan etanólbíl, að kolefnisjafna, að kaupa besta bensínið, að kaupa bestu dísilolíuna, að nýta betur hlutina, að hætta að hugsa um umhverfið og byrja gera eitthvað eru vishæf skref. Taktu þau.

Núna vitum við hvar við erum. Núna vitum við hvert við viljum fara. Og vonandi áttum við okkur einnig á því hvenær við erum komin þangað. Fjölmargar leiðir eru til staðar. Kynntu þér hvernig þú getur tekið vishæf skref með Brimborg.

*Gleðilegt sumar,
starfsfólk Brimborgar*




vishæf skref
með Brimborg


brimborg

Öruggur staður til að vera á

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

ÚR HREYSI Í HÖLL

**EXTREME MAKEOVER:
HOME EDITION
Í KVÖLD KL. 20:05**



skemmtilegri

STUÐ MILLI STRÍÐA Kajakferð dauðans

BORGHILDUR GUNNARSÓTTIR KOMST Í LAND



Ég fór á kajak á laugar daginn. Ekki beint eitt-hvað sem ég geri reglulega. Fjölskylda mín á reyndar kanó og sumar bústað þar sem lygn lækur rennur í gegnum landið. Þar eigum við til að dóla okkur rólega á læknum, njóta náttúrunnar og hlusta á fuglasönginn. Ég bjóst því við álíka yndislegheitum á laugar daginn þegar ég hélt á Stokkseyri ásamt vinkonum mínum.

Þegar þangað var komið tók við okkur kraftalegur drengur sem dreif okkur í gallana. Í fyrstu fannst mér notalegt að róa á

kajaknum en eftir nokkurn tíma fór árin að þyngjast töluvert. Ég velti því fyrir mér hvenær við myndum fara hægt og hlusta á fuglasönginn en aldrei kom að því. Eina sem við hlustuðum á var buslið og stunurnar í hvorri annarri við að keyra árinu tryllingslega ofan í vatnið. Áfram, áfram, áfram!! Allt í einu mundi ég eftir því að vinkona mín hafði pantað fyrir okkur tveggja tíma „POWER CHALLENGE“ ferð. Á tímabili hélt ég að ég myndi ekki komast í land og yrði bara að setta mig við að deyja á þessum guðs volaða bleika plastkajak.

Ég rifjaði það upp með sjálfri mér á meðan ég reri af ákafa að ég hef ekki hreyft hendurnar að ráði í langan tíma. Nánast það eina

sem ég geri með höndunum er að vélrita og teikna, og svoléiðis „hreyfing“ býr mann ekki alveg undir geðsjúkan kajakróður í tvo klukkutíma. Það kjánalegasta í ferðinni var þó þegar við fórum niður litlar flúðir og um leið og niður var komið gólaði drengurinn: „Jæja nú snúum við við!“ Þá ætlaðist þessi ungi drengur til að við rerum UPP flúðirnar. Tíðkast það eða?! Við breyttumst skyndilega í nöldrundi kerlingar og botnuðum ekkert í þessu tilgangsleysi. Svo var röð á sama geðsjúka hraðanum aftur í land. Ég veit ekki alveg hvernig ég komst í land en hér sit ég þó fyrir framan tölvuna með bleikar blöðrur á höndunum. Eitt veit ég hins vegar; aldrei aftur!

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli




Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þjóðlegt handverk til sýnis

Sýning á vettlingum og handverki sem tengist þjóðbúningi íslenskra kvenna verður opnuð í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla, Norska húsinu, í Stykkishólmi næstkomandi laugardag. Sama dag verður hinn árlegi Þjóðbúningadagur haldinn hátíðlegur. Safngestir geta því kynnt sér íslenska þjóðbúninga og handverk þeim tengt. Í tilefni af þjóðbúningadeginum, sem nú verður haldinn hátíðlegur í þriðja sinn, verða konur frá þjóðbúningastofu og Heimilisiðnaðarfélagi Íslands með kynningu og sýningu á þjóðbúningahandverki. Þá verður safn Lillýar S. Guðmundsdóttur af íslenskum handþrónuðum vettlingum til sýnis, og í Mjólurstofunni er handverk tengt þjóðbúningum kvenna til sýnis. Þar má meðal annars finna sýnishorn af knippli sem notað var á íslenska þjóðbúninga. Í tilefni dagsins verður ókeypis á safnið, og öllum konum sem klæðast þjóðbúningi boðið í



NORSKA HÚSIÐ Þjóðlegt handverk verður í fyrri-rúmi í Norska húsinu.

kaffi á Heldra heimilinu í Norska húsinu. Húsið er opið daglega frá 11 til 17. Sýningin verður opnuð klukkan tvö 28. júlí og stendur til 4. september.



>Ekki missa af...

tónleikum Tríó Varioso í Listasafni Sigurjóns klukkan 20.30 í kvöld. Þau Ingibjörg Guðjónsdóttir söp-ran, Einar Jóhannesson klarínnett-leikari og Valgerður Andrésdóttir píanóleikari flytja tónverk eftir Johann W. Kalliwoda, Jón Þórar-insson, Laszlo Draskóczy og Franz Schubert. Á tónleikunum verður verk Hafliða Hallgrímssonar, Syrpa, frumflutt hér á landi, en það byggir á íslenskum þjóðlögum. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

! Kl. 20
Margrét Bóasdóttir sópran og Douglas Brothie orgelleikari flytja íslenska og erlenda kirkjutónlist á síðustu tónleikunum í tónleikaröð-inni „Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju“. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi kirkjunnar og Minningar-sjóðs Guðbjargar Einarsdóttur frá Kárastöðum, fyrrverandi organista við kirkjuna. Aðgangur er ókeypis, en tekið er á móti framlögum til sjóðsins.



AD LJÚKA LESTRI Helga Haraldsdóttir, þýðandi bókanna um Harry Potter, er að klára síðustu bókina í flokknum, sem kom út síðastliðið föstudagskvöld. RETTABLAÐIÐ/ANTON

Þýðing á Harry hörkupúl

Þó að margir aðdáendur Harry Potter hafi beðið föstudagsins með eftir-væntingu er Helga Haraldsdóttir þar í sérflokki. Helga er þýðandi bókaflöksins og er nú í startholunum fyrir síðustu þýðinguna.

„Ég var búin að bíða í ofvæni eftir þessum degi,“ sagði Helga, sem kveðst vera mikill aðdáandi bókanna sjálf. Hún starfar sem sálfræðingur á Miðstöð heilsuverndar barna og hefur því í nógu að snúast þessa dagana. Þegar Fréttablaðið náði tali af Helgu í gær var hún að ljúka við að lesa Harry Potter and the Deathly Hallows. „Núna er farið að bíða svolítið eftir íslenskum titli, svo það þarf að drífa hann af stað. Svo byrja ég að þýða og sendi kaflana til yfirlestrar jafnóðum

og ég klára þá,“ útskýrði Helga. Þýðingarferlið á bókunum um Harry Potter er talsvert hratt, en íslenska útgáfan er væntanleg 15. nóvember næstkomandi. Álagið á Helgu og þýðendur Harry Potter-bókanna erlendis er því afar mikið. Helga veit til þess að þýðandi bókanna á frönsku hafi fengið taugaáfall við þýðingu fjórðu bókarinnar. Þá hafði hann unnið sleitulaust í tíu klukkustundir á dag, í 63 daga samfleytt. „Ég hef oft fengið hjálp við þýðingarnar, annars hefði þetta hreinlega ekki gengið,“ sagði hún og hló við. „Þetta er náttúrulega hörkupúl, en þetta er líka bara markmið sem maður vinnur að í takmarkaðan tíma. Maður sér alltaf fyrir endann á þessu,“ sagði Helga. Þar sem þýðandi hefur enga frekari innsýn en hinn almenni lesandi í hvað höfundurinn J.K. Rowling ætlast fyrir hefur það

reynst nokkuð snúið að þýða bókaflökkinn. „Það eru kannski litlir hlutir í fyrri bókunum sem ég hélt að skiptu ekki miklu máli, en verða svo veigamiklir síðar, og þýða þar að auki allt annað en maður hélt í upphafi,“ útskýrði Helga, sem segist hafa rekið sig á marga slíka hluti í þýðingunum. „Já, Jesús minn,“ sagði hún. „Ég er að lesa bókaflökkinn fyrir sex ára son minn núna, og ég verð stundum að loka augunum þegar ég sé hluti sem passa ekki lengur. En maður hefði þurft að vera skygg til að skilja það, svo það verður bara að hafa það,“ sagði hún hlæjandi. Helga segir tilfinningar sínar gagnvart lokum verkefnisins, sem nú er í sjónmáli, vera blendnar. „Ég held að ég eigi eftir að sakna Harrys mjög mikið. En á hinn bóginn er ég í fullu starfi og með tvö börn, svo þetta er töluvert álag,“ sagði hún spök. sunna@frettabladid.is

Horfið málverk

Málverkið Rauðhetta og óttatigurinn, sem var hluti sýningar listakonunnar Karin Leening á Kaffi Karólínu í fyrra, er horfið. Kaupandi verksins og listakonan sjálf lýsa eftir verkinu.

„Ég keypti þetta verk á Kaffi Karólínu, líklega í ágúst í fyrra. Sýningunni lauk í september. Þegar ég ætlaði að nálgast verkið var það einfaldlega ekki til staðar,“ útskýrði Hjálmar Stefán Brynjólfsson, kaupandi verksins. Listakonan Karin Leening er gift íslenskum manni, Aðalsteini Þórsyni. Bróðir Aðalsteins, Helgi, var milliliður í málverkakaupunum. Hann fékk önnur verk Karin-ar af Kaffi Karólínu þegar sýningunni lauk, en ekki umrætt málverk. „Það er ekki verið að svindla á mér, enda fékk ég skaðabætur í formi annars málverks. Einhvern veginn hefur myndin Rauðhetta og óttatigurinn horfið af staðnum. Við listakonan viljum eðlilega vita hvar myndin er niðrkominn,“ útskýrði Hjálmar. Ef einhver hefur upplýsingar um hvar verkið er að finna má sá hinn sami hafa samband við Hjálmar, á netfanginu hjalmarstefan@googlemail.com, eða Karin sjálfa, á karinleening@hotmail.com. Fundar-launum er heitið.



RAUÐHETTA OG ÓTTATIGURINN Málverk Karin Leening hvarf eftir sýningu hennar á Kaffi Karólínu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/KARIN LEENING

Rafstöðvar

Bensín- og díselrafstöðvar í stærðum 2,5 kW - 4,2 kW. **HAGSTÆTT VERÐ**



PÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

HYUNDAI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



LANDNÁMS-SETUR ÍSLANDS

MR. SKALLAGRÍMSSON

- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á www.landnamssetur.is

Miðapantanir í síma: 437-1600

11. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA SMF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA! VINNINGAR ERU BIÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

THE SIMPSONS

MOVIE

HEIMSFRUMSÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ

STÖRKOSTLEGASTA FJÓLSKYLDA ALLRA TÍMA LOKSINS Í BIÓ!

Cortes býður Karen Millen í veislu

MEGAS Á LEIÐ Í BÚÐIR

Ný plata með Megasi kemur í plötubúðir í dag. Platan heitir Frágangur og er unnin með meðlimum Hjalma. Lagið Freyjufar hefur verið spilað talsvert í útvarpi undanfarið og gefur góð fyrirheit um útkomuna.



fólk

folk@frettabladid.is

Í gær kom út í Bretlandi smáskífan Hunting High and Low af plötu Garðars Thórs Cortes sem kom út í apríl síðastliðnum. Af því tilefni boðaði útgáfufyrirtæki hans til veislu í gærkvöld sem Entertainment News kallaði „flottasta partí kvöldsins“. Meðal þeirra sem höfðu boðað komu sína í gær voru hönnuðurinn Karen Millen og söngkonan Katherine Jenkins auk Titanic-leikarans Billy Zane.

Plata Garðars fór beint í fyrsta sæti klassíska listans í Bretlandi þegar hún kom út en var felld úr sætinu af sjálfum Pavarotti eftir þriggja vikna setu. Samkvæmt Einari Bárðarsyni, umboðsmanni Garðars, er það von Believer-útgáfunnar að smáskífan greiði leið þeirrar stóru aftur á toppinn. „Smáskífan er gefin út í mjög takmörkuðu upplagi og er eingöngu ætluð sem kynning á stóru plötunni,“

segir Einar. „Það er alveg raunhæfur möguleiki að ná toppsætinu að nýju.“ Hann segist ekki vita nákvæmlega í hvaða sæti platan situr þessa dagana.

Veislan var haldin á nýjum veitingastað í miðborg Lundúna, Vanilla. „Þeir eiga von á að þetta dragi athygli að staðnum,“ segir Einar, en búist var við mikilli og góðri mætingu. Hann segir tilgang veislunnar auk þess að vekja athygli fjölmiðlafólks á Garðari Thór. Það ætlunarverk virðist ætla að heppnast ágætlega því Rav Singh hjá News of the World hafði boðað komu sína auk blaðamanna frá The Independent, Daily Mail, OK og Marie Claire svo einhverjir séu nefndir. Á fimmtudagsmorgun kemur Garðar Thór svo fram í þættinum GMTV en um 5 milljónir manna sjá þáttinn á hverjum morgni.



HELDUR FLOTTASTA PARTÍ LUNDÚNA Í KVÖLD Tenórinn Garðar Thór Cortes býður til veislu á veitingastaðnum Vanilla í kvöld í tilefni af útkomu nýrrar smáskífu.

Gyðjur og grísk goðafræði

Riccardo Tisci, yfirhönnuður tískuhússins Givenchy, er þekktur fyrir nýtskulegan klæðskurð og sterk snið og leyfði hann þessum hæfileikum sínum að njóta sín þegar hann bjó sig undir hátísku-veikuna nú í sumar. Hann sótti innblástur í framtíðargyðjur og gríska goðafræði en á sýningunni mátti meðal annars sjá formfasta kjóla, hlébarðamynstur, krókdílaajakka, fjaðrapils, lífstykkjastoppa, dásamlega pelsa og

óvenjulega gala-kjóla.

Vanalega sýnir Tisci í íburðarmiklum og skreyttum söllum en að þessu sinni var bakgrunnurinn hvítur og þannig fengu dásamlegar flíkurnar að njóta sín til hins ítrasta. Tískuhúsið Givenchy stóð áður völtum fótum í tískuheiminum en eftir ráðningu Tiscis virðist leiðin einungis liggja upp á við.

- bor



HEATHER GRAHAM Hefur ekki talað við foreldra sína síðan hún lék í Boogie Nights. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Vildu að Heather gerðist nunna

Leikkonan Heather Graham segist ekki hafa neitt samband við foreldra sína eftir að hún lék klámmyndastjörnu í kvikmyndinni Boogie Nights. Graham fékk strangt kaþólskt uppeldi og segir fjölskylduna ekki geta sætt sig við það hversu mikið kyntákn hún er orðin.

„Boogie Nights var heldur gróf og foreldrar mínir voru skelfingu lostnir. Þau höfðu engan áhuga á að heyra mitt álit á hlutverkinu og voru sannfærðir um að þar sem ég tók við hlutverkinu hlyti

ég að vera svona líka í alvörunni. Þau eru svo trúuð og ströng að það hefur tekið mig langan tíma að verða sátt við sjálfa mig. Þau vildu meira að segja á tímabili að ég gerðist nunna,“ sagði Heather og viðurkenndi að hún væri alls ekki eins villt í svefnherberginu eins og flestir héldu. „Það væri indælt að vera í góðu sambandi við foreldra mína og partur af mér þráir ást og samþykki þeirra. En ef þau gefa mér það aldrei þá er það allt í lagi. Ég hef lært að sjá um mig sjálf.“



HÁTÍSKA GIVENCHY Á hátískuvikunni í París nýlega sýndi Riccardo Tisci, yfirhönnuður Givenchy, dásamlegar formfatar flíkur sem sóttu meðal annars innblástur í gríska goðafræði.



BRJÁLÆDISLEGA SVÖL

ÞESSAR 8 KONUR MUNU HITTA 1 BRJÁLADAN MANN

16

Ekki við hæfi yngri en 16 ára

KURT RUSSELL

QUENTIN TARANTINO

"DEATH PROOF"

HEATING COMICS ATTRACTIONS VITH ROBERT RODRIGUEZ!

FRUMSÝND 18.07.07

SENDU SMS JA DPF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MÍÐA FYRIR TVO!

FLOTTIR AUKAVINNINGAR Í BÓTI

9. HVER VINNUR

SMS LEIKUR

BIOMÍÐI

Winona hefur hreina samvisku

Leikkonan Winona Ryder var kærð fyrir stuld í verslun árið 2001 og hefur nú látið hafa eftir sér að hún hafi þó algjörlega hreina samvisku. Ástæðan er að hennar sögn sú að hún meiddi engan. „Ég fékk aldrei mikið samviskubit vegna þess að ég meiddi aldrei neinn. Ef ég hefði skaðað einhvern líkamlega þá hefði tilfinningin verið allt önnur,“ sagði Winona sem sagði verkjalyf hafa gert sig ringlaða daginn sem hún stal.

„Tveimur mánuðum áður hafði ég handleggsbrotnað á tveimur

stöðum og læknirinn, sem var algjör skottulæknir, gaf mér fullt af lyfjum við sársaukanum. Í fyrstu tók ég lyfin einungis við sársaukanum en svo kemur að því að maður veit ekki lengur hvort maður finnur til en samt tekur maður lyfin áfram,“ sagði Winona sem er í forsíðuviðtali í nýjasta hefti bandaríska Vogue.

WINONA RYDER Leikkonan er í forsíðuviðtali í Vogue og segist ekki hafa fundið fyrir samviskubiti eftir að hún rændi fótum úr verslun árið 2001.



TIGER

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri



Það er bjart yfir þér ...

... ef þú ert með ljósker á enninu. Þetta ennisljós er með LED-peru og kostar 400 krónur.



Vasalaser

Eiginlega er þetta vasaljós en það er með leysigeisla sem getur komið sér vel. 400 krónur.



Ljós í vasann

Vasaljós úr málmí – það kostar 200 krónur og svo fylgja þrjár LED-perur með.



Skordýr í návígi

Þessi smásjá hentar sannarlega vel fyrir unga sem aldna náttúruskoðendur. Hún stækkar 30 sinnum og kóngulærnar geta orðið dálítið ógnvekjandi ... 400 krónur.



Setið á rökstólum

Dökkgrænn kollur sem hægt er að leggja saman. Tilvalinn í tjaldferðir og á útihátíðir – til dæmis á 17. júní-skemmtunina. 400 krónur.



Lýs, milda ljós

Það er ekki nema rétt um Jónsmessuna sem er bjart allan sólarhringinn. Annars er nauðsynlegt að hafa ljós á tjaldstæðinu. 400 krónur.



Kaffi undir beru lofti

Kaffibrúsakarlarirnir hefðu kunnað að meta hann þennan. Hitabrúsi úr stáli á 800 krónur.



Klassík úr Tiger

Svartur og ljósblár bakpoki fyrir hjólreiðamenn. 400 krónur.



Regla á hnífapörunum

Þú þúslar saman hníf, gaffal og skeið og allt er á sínum stað. Hnífapörin eru úr ryðfriú stáli og settið kostar 200 krónur.



Vatn á tjaldstæðið

Þessi vatnsbrúsi tekur heila 15 lítra af vatni en þegar hann er tómur er hægt að leggja hann saman. 400 krónur.



Færðu þig nær!

Það geturðu gert án þess að hreyfa þig úr stað með því að horfa í þennan sjónauka, sem er 12x25 cm og kostar 800 krónur.



Flott axlartaska

Fæst í gráu, ljósbrúnu og bláu og kostar 400 krónur.

TIGER
Villidýr í verði

Franz Ferdinand aftur til Íslands



FRANZ FERDINAND Breska sveitin er á leiðinni til Íslands í annað sinn.

búningi og upptökum á þriðju plötu sinni, sem er væntanleg í verslanir seint í ár eða snemma á því næsta. Eru tónleikarnir á Nasa því einstakt tækifæri fyrir Íslendinga til að kynna sér fyrstir allra hvað um er að vera hjá þessari vinsælu hljómsveit.

NÝTT Í BÍÓ!

NÝJASTA MEISTARAVEK
QUENTIN TARANTINO'S

PESSAR 8 KONUR ERU UM ÞAÐ BIL AÐ HITTA 1 DJÓFULLEGAN MANN!

KURT RUSSELL í
QUENTIN TARANTINO'S
"DEATH PROOF"

HELVÍTI FLOTTUR HÖLLUSTUEIDUR
GEGGJADURSTÍLL...
STERK OG BRÁÐSKEMMILEG...
...BARASTUÐ!

16

Harry Potter
AND THE ORDER OF THE PHOENIX

LÚXUS

10

Evan Almighty 16

BYGGD Á SÖGU STEPHEN KING

NÚ VERÐUR ALLT GEFD Í BOTN 14

TAXI

DIE HARD 4.0 14

YIPPEE KI YAY

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000		REGNBÖGINN Sími 551 9000			
HARRY POTTER	kl. 3-4-6-7-9-10	16	DEATH PROOF	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16
HARRY POTTER LUXUS	kl. 3-6-9		TAXI 4	kl. 6-8-10	14
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8-10	10	DIE HARD 4.0	kl. 5.30 - 8 - 10.40	14
DIE HARD 4.0	kl. 5-8-10.45	14	FANTASTIC FOUR 2	kl. 5.45 - 8 - 10.15	
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3				

450 kr. í bíói!

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919		ALFABAKKA Sími 462 3500			
DEATH PROOF	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16	DEATH PROOF	kl. 8 - 10.20	16
1408	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16	1408	kl. 8 - 10	16
DIE HARD 4.0	kl. 5.15 - 8 - 10.45	12	EVAN ALMIGHTY	kl. 6	
			DIE HARD 4.0	kl. 5.40	14

MIDASALA á midi.is BÍÓ.is

SAMBÍÓ www.SAMbio.is (575 8900) midi.is

Harry Potter
AND THE ORDER OF THE PHOENIX

★★★★ MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ RUV
★★★★ DV

UPPREISIN ER HAFIN

SAMBÍÓ		ÁLFABAKKA				
HARRY POTTER 5	kl. 2-4-5-7-8-10	10	SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 2-4-6	L	
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8	DIGITAL	10	SHREK 3 M/ENSKU TAL	kl. 8-10:10	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8	VIP		OCEAN'S 13	kl. 10:10	7
EVAN ALMIGHTY	kl. 2-4-6-8-10:10	L	10	PIRATES 3	kl. 4	10
BLIND DATING	kl. 8	10				
KRINGLUNNI		AKUREYRI				
HARRY POTTER 5	kl. 6-7-9-10	10	HARRY POTTER 5	kl. 6-9	10	
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6	L	SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6	L	
SHREK 3 M/ENSKU TAL	kl. 8	L	SHREK 3 M/ENSKU TAL	kl. 8	L	
PIRATES 3	kl. 10	10				
KEFLAVÍK						
HARRY POTTER 5	kl. 6-9	10				
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 6	L				
BLIND DATING	kl. 8	L				
DIE HARD 4	kl. 10	14				

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STIMLETTUR Í SAMBÍÓNUM ÁLFABAKKA

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

Nýjasta meistaraverk
Quentin Tarantino's

PESSAR 8 KONUR ERU UM ÞAÐ BIL AÐ HITTA 1 DJÓFULLEGAN MANN!

KURT RUSSELL í
QUENTIN TARANTINO'S
"DEATH PROOF"

HELVÍTI FLOTTUR HÖLLUSTUEIDUR
GEGGJADURSTÍLL...
STERK OG BRÁÐSKEMMILEG...
...BARASTUÐ!

16

Harry Potter
AND THE ORDER OF THE PHOENIX

LÚXUS

10

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

DEATH PROOF	kl. 4.50, 7.30 og 10-POWER	16
1408	kl. 8 og 10	16
EVAN ALMIGHTY	kl. 4 og 6	L
DIE HARD 4.0	kl. 7.30 og 10	14
SHREK 3 íslenskt tal	kl. 4 og 5.45	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Skoska hljómsveitin Franz Ferdinand heldur tónleika á skemmti- staðnum Nasa hinn 14. september. Meðlimir sveitarinnar óskuðu sér- staklega eftir því að fá að spila í Reykjavík og hafa þeir í hyggju að prufukeyra á tónleikumum lög af væntanlegri plötu sinni. Einnig spila þeir efni af plötunum sínum tveimur; Franz Ferdinand og You Could Have It So Much Better.

Franz Ferdinand, sem er ein vinsælasta gítarpopsveit heims, hélt tónleika í Kaplakrika fyrir tveimur árum við mjög góðar undir- tektir. Virðast fjórmenningarnir hafa heillast upp úr skónum af landi og þjóð því síðan þá hafa þeir sóst fast eftir því að halda tónleika aftur hérlendis.

Franz Ferdinand hefur lítið komið fram í ár og hefur að mestu einbeitt sér að því að ljúka undir-

Óður til allra Gumma

Fimmta plata Stafræns Há- kóns kom út í síðasta mán- uði. Ólafur Örn Josephsson er maðurinn á bak við Stafrænan Hákon sem gerir út frá Danmörku en nær til tónlistarhugamanna um alla Evrópu og Asíu.



STAFRÆNN HÁKON Ólafur Örn Josephsson hefur gefið út fimmtu plötu sína undir nafni Stafræns Hákons. Nýja platan er mun aðgengilegri en fyrri plötur hans og má fullyrða að hann hefur þroskast mikið sem tónlistarmaður síðustu misserin.

„Ég nennti ekki að gera aðra intrúmental plötu og vildi prófa eitthvað nýtt. Þegar Biggi félagi minn kom í stúdíóið fékk hann fljótt hugmyndir um söng í lögum- um og við vorum allir mjög ánægð- ir með það. Lögin breyttust við þetta og urðu aðgengilegri. Ég segi kannski ekki að þetta sé popp, en þetta er poppaðra og ég er mjög ánægður,“ segir Ólafur Örn Josephsson, þritugur Breiðhylt- ingur sem var að gefa út fimmtu plötu sína undir nafninu Stafrænn Hákon. Platan heitir Gumma og er að sögn tónlistarmannsins „óður til allra Gumma í þjóðfélaginu“.

Aðgengilegri tónlist

Tónlist Stafræns Hákons myndi seint flokkast til vinsældapops. Fyrri plötunum hefur helst mátt lýsa sem rólegheita gítarsveimi, en nýja platan er nokkuð aðgengi- legri en þær fyrri. Óhætt er að fullyrða að Ólafur hefur þroskast og þróast mikið sem tónlistarmað- ur frá því hann tók upp fyrstu plötu sína á kasettutæki í herbergi í Breiðholti.

„Þessi plata hefur reyndar verið tilbúin í um það bil ár en útgáfan hefur frestast af ýmsum ástæðum,“ segir Ólafur sem lagði mikla vinnu í plötuna. Lögin voru í gerj- un frá því síðasta plata kom út árið 2004, stór hluti af upptökum- um fóru fram í heimastúdíói Ólafs en voru svo kláraðar í alvöru hljóðveri. „Maður hættir ekkert fyrir en maður er orðinn ánægð- ur,“ segir Ólafur sem fékk góða aðstoð frá vinum sínum við gerð Gumma. Má þar nefna Birgi Hilm- arsson úr Ampop, Samúel White, Þröst Sigurðsson, Lárus Sigurðs- son hörpuleikara og tvo meðlimi dönsku sveitarinnar Efterklang. Platan er gefin út á vegum breska plötufrirtækisins Resonant í Evró- pu og Nature Bliss í Asíu.

Annað barn á leiðinni

Ólafur hefur verið búsettur erlendis undanfarin fimm ár, fyrst í Edinborg en undanfarin ár í Kaupmannahöfn. Þar lauk hann námi í margmiðlunarhönnun og hefur meðfram tónlistinni starfað sem hljóðupptökumaður í kvik- myndageiranum. Ólafur er kvantur Eddu Sigurjónsdóttur og eiga þau nú von á sínu öðru barni.

Gumma verður fylgt eftir með tónleikaferð um Bretland síðar á árinu. Ólafur er með hljómsveit sem spilar með honum á tónleik- um en hana skipa íslenskir tónlist-

armenn sem búsettir eru í Kaup- mannahöfn, þar á meðal Haukur sem var í Kanada, Janus trommari úr Fídel og Eggert úr Croistanz. Ekkert hefur verið ákveðið með tónleikahald á Íslandi en Ólafur segist vera mjög spenntur fyrir því. „Ég hef ekki spilað heima síðan 2005 svo það er orðið tíma- bært. Ég sótti nú um að fá að spila á Airwaves en hef ekki enn fengið neitt svar frá þeim. Maður bíður bara spenntur.“ Ný plata Stafræns Hákons er nú komin í sölu í versl- un 12 Tóna á Skólavörðustíg.

Kvenkyns forseti í 24

Kvenkyns Bandaríkjaforseti verður í sviðsljósinu í næstu þáttaröð af 24 sem verður tekin til sýninga á næsta ári. Leikkonan Cherry Jones fer með hlutverk forsetans Allison Taylor í þessari sjöundu þáttaröð.

Hillary Rodham Clinton, öld- ungadeildarþingmaður demó- krata, verður á sama tíma í harðri baráttu um að fá tilnefningu sem fulltrúi flokks síns fyrir næstu forsetakosningar. Peter Liguori, yfirmaður hjá sjónvarpsstöðinni Fox, segir að þátturinn 24 muni ekki skarast við forsetakosning-

arnar. „Þetta var dramatísk ákvörðun hjá okkur því forsetinn er mjög mikilvægur hluti af 24,“ sagði hann. „Við höfum haft marga forseta í þættinum og af hverju ekki að velja konu?“

Framleiðendur 24 hafa áður vakið athygli fyrir forsetaval sitt, eða þegar Dennis Haysbert fór með hlutverk Davids Palmer, fyrsta þeldökka forseta Banda- rikjanna.

24 Kiefer Sutherland fer með aðalhlut- verkið í spennuþættinum 24.



Nýi vinurinn segir Paris gáfaða

Paris Hilton hefur eytt mörgum stundum undanfarið með nýjum vini sínum, ástralska brimbretta-kappanum Tyler Atkins sem er fimm árum yngri en hún. Hilton hefur ekki enn tjáð sig um nýja sambandið en öðru máli gegnir um Atkins, sem hefur látið hafa það eftir sér að Hilton sé „mjög gáfuð og frábær stelpa“. Hann segir auk þess að þau eigi ýmis sameiginleg áhugamál, meðal annars tísku, en um hana tala þau iðulega þegar þau liggja saman á ströndinni. Það ætti að geta orðið þarinn nánast ótæmandi uppspretta samræðna því strákurinn

er sjálfur í tískubransanum og Hilton á sína eigin fatalínu. Atkins hefur að minnsta kosti greinilega gaman af samtölunum því hann segist njóta félags-skapar hótelerfingjans enda sé hún frábær persónuleiki. Ýmislegt bendir til þess að Ástralinn sé ekki aðeins góður vinur því skóthújiin hafa sést í faðmlögum á ströndinni í Malibu þar sem Hilton leigir hús yfir sumarið.



PARIS HILTON Á nýjan vin. Þau eiga ýmis sameiginleg áhugamál, t.d. tísku.

Sandler á toppinn

Nýjasta gamanmynd Adams Sandler, I Now Pronounce You Chuck and Larry, fór beint í efsta sæti norður-ameríska aðsóknarlistans um síðustu helgi. Þar með velti hún nýjustu Harry Potter-myndinni úr sessi og situr nú Potter í öðru sætinu.

Sandler og Kevin James fara með aðalhlutverkið í gamanmyndinni, sem fjallar um tvo slökkviliðsmenn sem þykjast vera par. Kvikmyndin Hairspray, sem er byggð á samnefndum Broadway-söngleik, endaði í þriðja sætinu sínu fyrstu vikuna á lista. John Travolta fer með aðalhlutverkið í myndinni.



SANDLER OG JAMES Adam Sandler og Kevin James hafa hitt í mark með nýjustu gamanmynd sinni.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Kirsten Dunst** ihugar nú að flytja til London. Hún mun hafa kolfallið fyrir borginni þegar hún dvaldi þar við tökur á næstu mynd sinni, How to Lose Friends and Alienate People. Ekki skemmir heldur fyrir að kærasti hennar er **Johnny Borrell**, söngvari bresku hljómsveitarinnar Razorlight, og hefur hann verið duglegur við að kynna hana fyrir helstu töfrastöðum borgarinnar.



Lost-stjarnan **Evangelina Lilly** segir að það hafi verið „virkilega spennandi og frelsandi“ þegar eldur kom upp á heimili hennar og hún missti alla búslóð sína. Þetta gerðist í desember í fyrra og Lilly hefur ekki lítið til baka síðan. „Ég tapaði bara hlutunum mínum; eftir á að hyggja var bara gott að vera ekki bundinn neinum hlutum tilfinningaböndum,“ segir hún.



Scarlett Johansson er sátt við þá ákvörðun sína að fá sér hring í nefið og segir hringurinn dragi fram „skapandi hliðina“ á sér. Leikkonan unga kom mörgum aðdáendum sínum á óvart með þessari ákvörðun en henni verður hvergi hvíkað. „Þetta snýst allt um skapandi hlið mína og persónulega finnst mér ég líta frábærlega út. Hvað er þá eiginlega vandamálið?“ spyr Scarlett og er mikið niðri fyrir.



Simon Cowell

er í öðru sæti yfir launahæstu sjónvarpsmennina í Bandaríkjunum. Cowell þénar um 2,7 milljarða króna á árinu fyrir þætti sína American Idol og America's Got Talent. Í efsta sæti á launalistanum er sem fyrir **Oprah Winfrey** sem þénar næstum því fjórum sinnum meira en hann.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagsins, taktu flugið og smeltu þér á flugfelag.is



ÆTLAR SÉR STÓRA HLUTI Teitur Örlýgsson þjálfar Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Teitur Örlýgsson hjá Njarðvík: Vantar leikmenn í liðið

KÖRFUBOLTI Teitur Örlýgsson, nýráðinn þjálfari karlaliðs Njarðvíkur í Iceland Express deild karla, segir í viðtali á heimasíðu Körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur að hann vilji fá íslenska leikmenn til liðsins.

„Okkur vantar bara fleiri leikmenn. Það kemur smá gat í þetta núna og nokkuð langt í ungu strákana sem taka við eftir nokkur ár. Venjulega fáum við leikmenn upp árlega eða svo til en það er ekki að gerast núna,“ sagði Teitur í viðtali á síðuna og bætti síðan við:

„Það er nóg pláss hjá Njarðvík í dag. Ég hef heyrt orðróm um að leikmenn hafi áhuga á að spila með Njarðvík og vona svo sannarlega að einhverjir komi til okkar. Ég vil helst fylla leikmannahópinn af Íslendingum,“ sagði Teitur í umræddu viðtali.

- óó

Farsinn um Carlos Tevez:

FIFA seinkar ákvörðun sinni

FÓTBOLTI Eggert Magnússon gaf það út í gær að hann byggist við því að missa Argentínumanninn Carlos Tevez frá West Ham. Manchester United er komið langt í samningaviðræðum við leikmanninn en málið er allt hið flóknasta.

FIFA ætlar að beita sér í málinu en sambandið hitti forráðamenn enska knattspyrnu-sambandsins í gær að beiðni United og West Ham. Áætlað var að tilkynnt yrði um ákvörðunina, hvort Tevez gæti farið til United, í gær en svo varð ekki. Allar líkur er á því að kunnert verði um ákvörðunina í dag og því ætti þessum langa farsa að ljúka fyrir en síðar.

- hph

Valsmenn geta komist tímabundið í efsta sæti Landsbankadeildar karla með sigri á Fylkismönnum í kvöld:

Toppsætið í hættu eftir 1.100 daga setu

FÓTBOLTI Valsmenn eiga möguleika á að komast á toppinn í Landsbankadeild karla vinni þeir Fylkismenn í fyrsta leik 11. umferðar sem fram fer á Laugardalsvelli klukkan 20.00 í kvöld.

Vinni Valsmenn leikinn eru þeir komnir með 24 stig, sem væri einu stigi meira en FH-ingar, sem leika ekki fyrr en á laugardaginn. Valsmenn gætu því verið í efsta sætinu í að minnsta kosti þrjá daga og jafnvel lengur nái Keflvíkingar stigi eða stigum úr Krikanum um næstu helgi.

Valsmenn mæta í kvöld Fylki, sem hefur verið í miklum vandræðum; hefur aðeins fengið eitt stig og skorað eitt mark í síðustu fjórum deildarleikjum sínum. Valsmenn hafa unnið þrjá deildarleiki í röð með markatölunni 10-2 og hafa með því unnið upp fimm stig af forskoti FH-inga, sem voru með sjö stigum fleira en Hlíðarendaliðið eftir fyrstu sjö umferðirnar.

FH-ingar hafa verið í efsta sæti Landsbankadeildar karla í 54 umferðir í röð, allar götur síðan

19. júlí 2004. Síðan þá eru liðnir 1.100 dagar eða rúm þrjú ár. Verði Valsmenn í toppsætinu þegar umferðinni lýkur á laugardaginn er það í fyrsta sinn síðan eftir 11. umferð sumarið 1989 sem Hlíðarendaliðið er í efsta sæti deildarinnar í seinni umferð.

Það stefnir því í mun áhuga-verðari endasprenni í baráttunni um Íslandsmeistaratiðilinn en undanfarin tvö tímabil en FH-ingar voru með sex stiga forskot (2005) og tíu stiga forskot (2006) á sama tíma undanfarin tvö sumur. - óó



HVERJIR VERÐA OFAR? FH og Valur geta haft sætaskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

11. UMFERÐ

LANDSBANKAÐEILD KARLA

þri.	24. júlí	kl. 20:00	Valur - Fylkir
mið.	25. júlí	kl. 19:15	Breiðablik - KR
mið.	25. júlí	kl. 19:15	Víkingur - Fram
fim.	26. júlí	kl. 19:15	ÍA - HK
lau.	28. júlí	kl. 14:00	FH - Keflavík

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn. Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.




Landið er fallegra á löglegum hraða

THE
SIMPSONS

STÓRKOSTLEGASTA FJÖLSKYLDA
ALLRA TÍMA LOKSINS Í BIÓ!

M O VIE



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

11.
HVER
VINNUR!



**HEIMSFRUMSÝND MEÐ
ÍSLENSKU OG ENSKU TALI 27. JÚLÍ**
SENDU SMS JA SMV Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA
VNINGAR ERU BÍOMÍÐAR, TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!



BAKÞANKAR

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

Ljóminn í ellinni

Fátt hefur vakið með mér óttalegri hugrenningar en frásögn konu af því hvernig barnatrú linaði ótta ömmu hennar eftir að hrörnunarsjúkdómur hafði hrifsað burtu nær allar minningar hennar af lifinu. Konan taldi þetta til marks um það hve sálmar og bænir sem börn lærðu fyrr á tímum gætu komið að gagni síðar meir. Börn nútímans, sem fæst læra bænir, sagði hún fara á mis við mikið. Ef hugar þeirra yrðu síðar helteknir af gleymsku myndu þau líklega aðeins geta raulað með sér auglýsingastef hinna ýmsu fyrirtækja. Það væri eitt af því fáa sem börn vorra tíma lærðu utanbókar.

OFT HEFUR ÞESSI frásögn valdið því að ég sé mig í hugskotssjónum, háaldraða og gleymna, raulandi um hve Ljóminn sé ljóm-andi góður, betri en ég hugsaði mér. Hann eigi skilið það lof sem hann fær, virki frá hvirfli ofan í tær og verði mér að eilífu kær. Hin djöfullega smjörlikisauglýsing, með Ríó tríóinu, tilheyrir nefnilega einum af mínum elstu bernskuminningum og fölnar ei.

SEM BARN hlaut ég töluverða uppfræðslu í kristinni trú í gegnum votta Jehóva. Vitanlega hreifst ég af illri meðferð Jehóva guðs á Filisteum og öðru úrþvætti. Fræðslan olli því líklega að hef ávallt haft mikinn áhuga á trúarbrögðum og öðrum glæpa- og ofbeldissögum. Engin mynd hefur vakið með mér meiri ungg en sú sem má finna í ritinu Biblíusögu-bókin mín, sem mér var gefin átta ára gamalli, en þar má sjá synduga móður gráta með barn sitt í fangi meðan Nói siglir örkinni burt af festu og guðrækni. Ef til vill á ég því einhverja von um að orna mér við annað en Ljómalagið, mér til skemmtunar, ef aldurn inn færir yfir með gleymsku.

BARNIÐ MITT er snillingur. Um það er ég algerlega sannfærð. Rétt eins og flest allir foreldrar fjögurra ára barna. Það þarf þó ekki að þýða að honum verði rótt í ellinni. Í hjólreiðaleiðangri um Vesturbæinn varð mér á að benda á kirkju og spyrja hann um hver ætti þar heima. Hneykslaður svaraði hann: „Prestar eiga ekki heima í kirkjum, þeir vinna bara þar.“ Því næst heimtaði hann að við kæmum við í klukkubúð til að kaupa Pez.

ÉG VARÐ NÚ heldur vonsvikin yfir því hve illa mér hafði lánast að uppfræða barn mitt. Í gær hlotnaðist mér þó tækifæri til að segja honum frá alheiminum, guði og öllu. Óvart hafði ég sett höndina inn í köngulóarvef þar sem fjöldi köngulóarbarna var að snæðingi. Á meðan ég reyndi að losa mig við nokkra tugi þeirra spurði hann mig hvaðan þau kæmu. Ótti minn á smádýrunum olli því að ég svaraði spurningunni á þann veg að þær kæmu frá köngulóarmömmunni og köngulóarpabbanum. Rétt svar er þó að köngulær og annað í þessum heimi er frá guði. Því svari laust þó í huga minn þegar pilturinn spurði hvernig köngulóarbörnin yrðu til. Guði sé lof.



MITSUBISHI L-200 ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.

Veglegur aukahlutapakki innifalinn:

Álfelgur · 32" dekk · Klæðning í palli · Dráttarbeisli

Einnig fáanlegur sjálfskiptur á aðeins

3.230.000 kr.



Virkur þátttakandi

Mitsubishi L-200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar

- Öflug dísilvél
- Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla
- 2.800 kg dráttargeta
- Opnanleg afturrúða
- Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero
- Spyrnustýring og spólvörn

Komdu og reynsluaktu

